

Jólablaðið Völsungs



2014

Frá ritstjóra

Jólablað Völsungs er okkar ársskýrsla. Í Jólablaðinu fara forsvarsmenn deilda yfir starfsemi liðins árs. Þar greina menn í stuttu máli frá hvernig starfsemin hefur gengið og hvaða árangur hefur náðst. Jólablaðið í ár er engin undantekning frá þessu. Forsvarsmenn deilda greina frá blómlegu starfi Íþróttafélags sem statar af mikilli þátttöku barna og unglunga á svæðinu, góðum hópi metnaðarfullra þjálfara og stórum hópi áhugafólks um kröftugt íþróttafélag.

Einnig er að finna í blaðinu hugvekju frá sóknarpresti, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa auk áminningar frá forvarnarhópi. Ungmenningarhúsið Tún fær líka pláss til að gera sinni starfsemi skil þó starfsemi þeirra sé ekki undir Völsungi. Sagnfræðideild lætur í fyrsta skipti ljós sitt skína, sem er vonandi bara forsmekkurinn af því sem koma skal.

Um efnisöflun og ritstjórn sá starfsmaður félagsins. Ritstjóri og aðalstjórn Völsungs þakka þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem styrkja þessa útgáfu og starfsemi Völsungs á einhvern hátt kærlega fyrir, án þeirra væri svona útgáfa óhugsandi og starfsemin öll miklu erfiðari. Einnig þökkum við fólkinu sem tók sér tíma til að setjast niður og festa söguna á blað fyrir framtíðina að skoða og læra af. Ekki má gleyma sveitarfélaginu Norðurþingi sem á hverju ári styður íþróttastarfsemi á svæðinu með margvíslegum hætti bæði með fjárframlögum og aðstöðu.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þakka samstarfið á árinu.
Sveinn Aðalsteinsson.

Gleðileg jól
farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Bílapjónustan ehf.
Gartarsbraut 52 - 640 Húsavík
Sími 464 1122 - Farsími 854 0872

Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin
á liðnu ári.




Sími 464 1500 • Fax: 464 1501 • Netfang: info@gentlegiants.is
Heimasíða: www.gentlegiants.is

Óskum viðskiptavinum
okkar og öðrum Þing-
eyingum Gleðilegra
jóla og farsældar á nýju ári.
þökkum viðskiptin




viðbót
kjörtvinnsla

Sendi öllum bestu jóla- og
nýárskevðjur, sérstaklega liðinu
fyrir neðan bakkann.




Doddi Ásgeirs ehf.

Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



þökkum samskiptin á liðnu ári.



Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
þökkum viðskiptin á árinu.



Til umhugsunar!

Innan sveitarfélagsins er starfræktur hópur sem vinnur að forvarnarmálum og kemur reglulega saman til fundar. Á fundum hafa stundum komið upp umræður um þá áhættuþætti sem geta skapað þær aðstæður að unglingurinn byrjar að neyta áfengis eða vímuefna. Eftirlitslaus unglingspartý eru einn af þeim þáttum sem hafa verið í umræðunni og af þeim sökum langar forvarnahópurinn að birta varnaðarorð SÁÁ um þau.

„Reynslan sýnir að eftirlitslaus unglingspartý eru áhættusöm. Við reynum að feta hinn gullna meðalveg þar sem við gefum unglingsnum okkar sjálfstæði upp að vissu marki og höfum samtímis á honum taumhald hins sanngjarna, skynsama og ákveðna stjórnanda. En meðalvegurinn er stundum vandrataður. Til eru foreldrar sem hafa gert afdrifarík mistök þegar unglingspartý eru annars vegar. Dæmi eru um unglunga sem haga sér vel og treysta má næstum fullkomlega. Þeim er leyft að halda saklaust partý á meðan foreldrarir bregða sér frá (t.d. í bíó klukkan ellefu eða í heimsókn til vina). Hugsunin á bak við þetta er sú að krakkarnir hafi unnið sér inn með góðri hegðun og frammistöðu að fá að vera ein í smátíma án þess að hafa „gamla fólkið“ yfir sér. Sé aðeins lítið á unglingsinn og nánustu vini hans kann þetta að virðast meinlaust. Á hinn bóginn hafa svona eftirlitslaus unglingspartý farið úr böndunum vegna óboðinna gesta á líkum aldri (eða lítið eitt eldri) sem vita um partýið og koma fullir á staðinn. Gestgjafarnir ráða ekki vel við slíkar aðstæður. Án þess að nokkur hafi ætlað sér það í byrjun er fyllirísipartý komið í gang. Til eru dæmi um verulega ljótar uppkomur af þessu tagi þar sem foreldrar hafa komið að heimilinu í rúst! Eftirlitslaus unglingspartý eða ekki? Spurningin snýst alls ekki um traust heldur hvort unglingsurinn hafi styrk, þroska og lífsreynslu til að bera ábyrgð á heimilinu við þessar aðstæður“.

(Tekið af vef SÁÁ)

Unglingarnir okkar eru frábærir og að gera góða og jákvæða hluti.

En allir unglingar þurfa aðhald og eftirlit og þar eru foreldrar lykilaðilar.

Samþykkið ekki vímuefnaneyslu barna og unglunga og setjum skýrar reglur um útivistartíma.

**Veist þú hvar barnið þitt er?
Leyfum ekki eftirlitslaus partý!**

Forvarnahópurinn

Frá formanni

Þegar leitað var til mín sl. vor um að taka við formennskunni þurfti ég ekki marga daga til þess að hugsa mig um. Ég leit á það sem mikinn heiður að mér væri treyst fyrir því að stjórna íþróttafélagi og ákvað því að slá til. Ég á enn barn sem æfir íþróttir og hef mikinn áhuga sjálf á að starfa innan íþróttanna, og leit því á þetta sem gott tækifæri til að hafa áhrif á eflingu íþróttanna á Húsavík. Ég hef verið félagi og starfað innan Völsungs frá því að ég flutti hingað sumarið 1986.

Við viljum jú flest að það sé starfandi íþróttafélag í bæjarfélaginu og til þess að það geti gengið þurfum við að taka þátt í starfinu og leggja því lið, ekki ætlast til þess að einhver annar geri það. Með mér í stjórn situr öflugt fólk sem er tilbúið að starfa fyrir félagið. Frá því í haust höfum við haldið tvo fundi, annan þar sem Kjartan Páll Þórarinsson kynnti niðurstöður úr rannsókn er hann gerði í sambandi við vímuvarnasamning Völsungs, hinn fundurinn var um gervigrasvöllinn. Einnig höfum við tekið félagsaðstöðuna í gegn en hún fékk nafnið "Grænatorg". Það var Andri Birgisson sem kom með það nafn. Margir tóku þátt í nafnasamkeppninni og vil ég þakka þeim fyrir þeirra þátttöku og öllum þeim er lögðu okkur lið við að gera hana að því sem hún er í dag, bæði hvað varðar vinnu og gjafir.

Innan Völsungs eru starfandi öflugar deildir þar sem margir koma að stjórnun, foreldrastarfi og þjálfun. Það skiptir okkur í aðalstjórn miklu máli að fá sem flesta til að vinna fyrir félagið, þannig verður vinnan léttari og um leið skemmtilegri – sem fyrr er máltækið „margar hendur vinna létt verk“ í fullu gildi.

Ég tel það eitt af lykiltríðum Völsungs að ná að efla félagsandann, og jákvæðni gagnvart félaginu. Þannig held ég að við náum bestum árangri. Ef einhvern tímann er nauðsyn á því að hafa öflugt og gott íþróttastarf er það einmitt núna. Það eru forréttindi að börn og unglingar geti tekið þátt í íþróttum í sínum heimabæ undir handleiðslu góðra þjálfara með æfingagjöldum sem eru ekki svimandi há. Stór hópur úr hverjum árgangi æfir nú íþróttir og það á að vera metnaður okkar er störfum innan Völsungs, bæjarbúa og bæjarstjórnar að skapa börnum okkar sem bestar aðstæður til íþróttaiðkunar þannig að brottfall verði sem minnst. Við eigum að hafa metnað og vilja til að skapa þeim aðstæður til að lifa heilbrigðum lífsstíl. Forvarnarstarf félagsins er að skila athyglisverðum árangri og er því mikilvægt að umhverfið allt styðji við það verkefni.

Ég vil óska öllum Völsungum og íbúum Húsavíkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Um leið vil ég færa þeim fjölmörgu aðilum og fyrirtækjum sem hafa lagt okkur lið á árinu, þakki fyrir þeirra framlag og stuðning.



Guðrún Kristinsdóttir

Guðrún Kristinsdóttir

Íþrótt- og æskulýðsstarf.

Mikilvægi íþrótt- og tómstundastarfa!

Bæjar- og sveitarfélagi er nauðsynlegt að hafa á að skipa öflugum íþrótt- og félagsstarfi. Íþrótt- og tómstundafélögin hafa þar veigamiklu hlutverki að gegna sem verður seint fullþakkað.

Mikilvægt er að íþróttir og íþróttaiðkun höfði til fjölbreytts hóps og sé snar þáttur í daglegu lífi og lífsháttum og þar með hluti af lífstíl íbúa.

Almenn lýðheilsa og aukin hreyfing fara vel saman við markmið íþróttahreyfingarinnar. Þar sem hluti iðkenda hefur ekki áhuga á keppnisíþróttum er einnig mikilvægt að koma til móts við þeirra þarfir. Samfélagslegir hagsmunir aukinnar hreyfingar ættu að vera öllum ljósir og fela í sér í senn umtalsverða fjárhagslega forvörn gegn auknum útgjöldum heilbrigðiskerfis framtíðar, auk þess að almenn vellíðan eru viðbótarlífsgæði sem þátttakendur uppskera. Um þetta deila fáir í dag. Heilbrigð þjóð afkastar meiru og skilar meiri arðsemi. Ytri heimskreppa takmarkar ekki hagvöxt heilbrigðis. Aukin hreyfing er á forræði okkar sjálfrá.

Íþróttaiðkun almennings fer vaxandi samhliða aukins þrýstings á breyttu lífsmynstri vegna velferðarvandamála þjóðarinnar. Samkvæmt rannsóknnum vilja fleiri stunda hreyfingu innan vébanda skipulags starfs íþróttahreyfingarinnar. Vandkvæðin eru hinsvegar tengd vissum vanmætti innan þessara sjálfbodaliðshreyfinga sem hefur að talsverðu leyti byggt skipulag sitt upp í kringum starf afreksíþróttanna.

Forvarnargildi íþróttanna og skipulags félagsstarfs er ótvírætt. Fjölmargar rannsóknir styðja þessa staðhæfingu.

Þegar vísað er til hugtaksins „forvarnir“ er það gjarnan tengt óafturkræfum útgjöldum. Á síðari tímum hafa menn gert sér grein fyrir því að forvarnir tengjast fremur skynsamlegri fjárfestingu til framtíðar en útgjöldum. Forvörnum er ætlað að takmarka afleiðingar vandamála sem annars yrðu samfélaginu mun kostnaðarsamari en forvörnin sjálf. Í þeim tilvikum þarf ekki flókna hagfræði til að sjá arðsemi fjárframlaga til forvarna. Eðli forvarna er markvisst langtímastarf sem felur í sér takmörkun kostnaðar til framtíðar fremur en útgjöldum við að slökkva aðsteðjandi elda. Vísindalegar rannsóknir sýna með óyggjandi hætti að þátttaka ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi er ein besta forvörn sem til er. Þátttaka í íþróttum er á þann hátt skynsamleg ákvörðun fyrir ungmenni sem höfðar til margra og ekki er verra að fátt er skemmtilegra.

Forvarnarstarf gegn áfengis- og vímuefnaneyslu er liður í að skapa börnum þroskavænleg skilyrði. Með því að styðja börn og ungmenni í því að hafna neyslu áfengis og annarra vímuefna er stuðlað að velferð þeirra og lífsgæðum. Vímuvarnarverkefnið sem Íþróttafélagið Völsungur hefur verið með í gangi undanfarin ár er eftirtektarvert. Bæði með tilliti til brottfalls ungmenna úr íþróttum og svo að stuðla að afstöðu gegn áfengis- og vímuefnaneyslu. Íþróttahreyfingin sem og önnur félagasamtök byggja starf sitt á vinnuframlagi þúsunda sjálfbodaliða sem inna af hendi gríðarlega mikilvæg störf í þágu samfélagsins. Mikil skuldbinding er fólgin í því að vera í forystu hjá stóru sérsambandi, félagi eða samtökum. Þessir einstaklingar eru stöðugt að og verkefnin eru afar fjölbreytt.

Standa þarf vörð um íþrótt- og félagsstarf og meta samfélagslegt gildi þess samhliða markaðslegum ávinningi. Hvort heldur sem um er að ræða forvarnir eða heilsurækt. Hér í Norðurljósi eru starfandi mörg félög sem rekin eru af metnaði og dugnaði þeirra einstaklinga sem að þeim koma og verður seint þakkað framlag þeirra til samfélagsins.

Við þurfum að leggja áherslu á að hlúa að grasrót- og ungmennastarfi íþróttafélaga og annarra félagasamtaka. Hvetja þarf alla til dáða og er samstaða lykilatriði til að ná árangri.

Með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Jóhann Rúnar Pálsson Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi Norðurljósi

Sagnfræðideild Völsungs safnar efni og styrkjum

Hópur manna hefur um skeið unnið að því að leggja drög að ritun sögu meistaraflokks Völsungs í karlaflokki í knattspyrnu og er þá eingöngu miðað við þátttöku félagsins í deildakeppni á vegum KSÍ, en þar hófu Völsungar fyrst leik árið 1967.

Það var eldhuginn og eðal Völsungurinn Leifur Grímsson sem hafði frumkvæði að þessu verki og kallaði saman hóp áhugamanna. Leifur og félagar hans í höfuðborginni hafa þegar unnið mikið verk við ljósrítun á leikskýrslum sem KSÍ geymir, en því miður hefur komið í ljós að ekki eru til skýrslur um alla leiki Völsungs frá upphafi. Þetta er bagalegt því stefnt er að því að fá heildarskráningu á leikfjölda allra leikmanna félagsins í deildakeppni frá upphafi.

Ingólfur Freysson hefur stýrt verkinu hér heima og m.a. verið duglegur við að sækja um styrki og orðið vel ágengt í þeim efnum. Jóhannes Sigurjónsson hefur hafist handa við að safna saman myndefni í ritið og hann mun, að einhverju leyti koma að ritun, töku viðtala og efnisöflun á næstu mánuðum.

Er hér með skorað á Völsunga að fornu og nýju sem eiga myndir, búa yfir upplýsingum eða hafa skráð hjá sér leiki og atburði úr sögunni, að hafa samband við Jóhannes, síminn er 898-1706, netfang skarpur@skarpur.is



Hér eru nokkrir Völsungar sem sátu fyrsta fund Sagnfræðideildar Völsungs.



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



G P G
FISKVERKUN

Í nánd Jólahátíðar

Jólahugvekja
sóknarprests

Jólatré gömlu konunnar

Á fjörur mínar rak jólasaga eftir sr. Jón Kr Ísfeld sem nefnist. „Jólatré gömlu konunnar.“ Hún hljóðar svo: „Í Drammen í Noregi lá trúuð kona í rúminu. Hún hafði verið rúmliggjandi í mörg ár. Það var aðfangadagur jóla. Litill drengur sat við rúmið hennar og sagði henni frá því, hvað hann hlakkaði mikið til kvöldsins og jólatrésins síns. „En þú, aumingja frænka, færð ekkert jólatré,“ sagði hann með innilegri samúð. Frænkan varð svo klökk, að tár sáust í augnakrókunum. En hún jafnaði sig fljótt og sagði rólega: „En ég hefi nú frelsarann, og hvers skyldi ég óska mér fremur, frændi litli?“ Um kvöldið hékk miði á jólatré litla drengsins. Öðru megin á miðann var skrifað: „Frá frænku.“ Hinum megin hafði hún skrifað eftirfarandi: „Frænka á líka jólatré. Komdu og sjáðu það í anda. Rót þess er Kristur, reifaður og lagður í jötu. Stofninn er krossinn með þyrnum krýndum konungi ljóssins, frelsara mannanna, sem fæddist á jolanótt. Króna trésins er himindýrð hans, skær og skínandi. Greinarnar eru allir, háir og lágir, skírðir til nafns hans. Sumar eru visnaðar, eins og þeir ótrúu og aðrar eru sígrænar eins og hinir trúföstu og tryggju. Þreytt og leið get ég leitað til stofnsins og stutt mig við hann. Endurnæringu og kraft fæ ég er ég sit við ræturnar og dýrð krónunnar ljómar yfir mér.“

Táknmál trúarinnar talar sínu máli um leyndardóma kristinnar trúar. Hér er brugðið upp mynd af táknmáli jólatrésins sem á sér langa sögu sem ekki verður getið hér. Það er hins vegar ýmislegt sem kemur í huga minn þegar ég hugleiði þessa sögu. Frænka litla drengsins er ákaflega glöð í sinni trú eins og stundum er haft á orði um þá sem áhuga hafa á trúmálum. Mér kemur í hug lofsöngur Maríu sem lofaði Guð eftir að henni varð ljóst að hún væri orðin ófrísk: „Önd mín miklar Drottin, og andi minn gleðst í Guði, frelsara mínum því að mikla hluti hefir hinn voldugi við mig gjört.“ Lúk. 1. 47,49)

Þó blessuð frænka litla drengsins hafi ekki átt jólatré í eiginlegum skilningi þá sá hún fyrir sér sitt andlega jólatré sem hún sagði litla drengnum að koma og sjá. Hún vildi segja drengnum frá öllu því sem Jesús Kristur hefur fyrir hana gert. Hún sá fyrir sér að hún tilheyrði sígrænu greininum á sínu andlega jólatré og væri því í hópi hinna tryggju og trúföstu.

Í Davíðssálum er fallegur ritningarstaður sem fjallar um mikilvægi þess að gefa gaum að orði Drottins. Hann hljóðar svo: „Sæll er sá maður..sem hefir yndi af lögmáli Drottins og hugleiðir lögmál hans dag og nótt. Hann er sem tré, gróðursett hjá rennandi lækjum, er ber ávöxt sinn á réttum tíma, og blöð þess visna ekki. Allt er hann gjörir lánast honum.“ (Ds 1. 1-3)


Frænka litla drengsins hefir örugglega setið við rætur síns jólatrés og notið þeirrar næringar sem um tréð hefir streymt. Orð Guðs er sem lifandi vatn sem aldrei visnar og aldrei deyr. Sérhver skírður einstaklingur er sígræn grein á þessu lífsins tré. Hann er skírður til þess lífs sem aldrei visnar og aldrei deyr. Það þarf eitthvað mikið til að þessi grein visni og falli af trjábolnum.

Þetta er mikið fagnaðar og þakkarefni og vert að gefa gaum á aðventu og jólum. Við sjáum það berum augum frá einni árstíð til annarrar að Guð viðheldur lífríki jarðar. Tími vorsins ber þessu sterkast vitni að mínum dómi þegar laukar spretta upp úr sverðinum og teygja sig til himins uns þeir springa út í kærkominni litadýrð. Á sama hátt má segja að Guð viðheldur samfélagi kirkju sinnar með sínu lífandi orði sem huggar og styrkir sérhvern þann sem við því tekur svo hann nái að blómstra í sínu umhverfi. Guð kemur litlu til leiðar í mannlegu tilliti nema fyrir skilningarvit og útlími lærisveina sinna frá einni kynslóð til annarrar sem hann hefur falið það hlutverk að bera gróðurilm sinn um alla jörðina ef svo má segja. Þar er ég að tala um hugtök eins og trú, von og kærleika, réttlæti, frið, frelsi, jafnrétti, virðingu, gæsku, góðvild. Þetta eru bara orð á blaði en ef þú sem lest þessi orð ákveður að temja þér þetta jafnan í lífinu þá mun þér vel farnast í lífinu þrátt fyrir allar ágjafir sem þú hefur orðið fyrir í lífinu. Ágjafir eru reynslutími. Það skiptir miklu máli að leitast við að vinna sem best úr hverri lífsreynslu sem hendir, ekki síst slæmri lífsreynslu. Þá ert þú í hópi hinna trygglyndu og trúföstu. Hinum megin við ekki heldur gleyma, þeim sem ekki vilja við Krist kannast, að bera virðingu fyrir lífsskoðunum þeirra á hverjum tíma. Við erum öll eins og bréf sem aðrir geta lesið á götum og torgum. Við skulum leitast við að útbreiða bróður- og systurkærleika meðal okkar sem er boðskapur jólanna. Við skulum fara að dæmi jólafjölskyldunnar að þessu leyti á vegferð okkar í gegnum lífið. Þá eignumst við varanlega jólagleði líkt og frænka litla drengsins á í sögunni um jólatré gömlu konunnar. Guð gefi þér og þínum gleðileg jól.

Sr. Sighvatur Karlsson sóknarprestur á Húsavík

Óskum Þingeyingum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.

Þökkum
samskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum Húsvíkingum
og Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.

Þökkum viðskiptin
í gegnum árin.



Óskum gestum okkar
og öðrum Húsvíkingum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi
ári með þökk fyrir
samskiptin á árinu.



Óskum Húsvíkingum
og Pingeyingum nær
og fjær gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



NORÐLENSKA

Mannvit
óskar Pingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls
komandi
árs.



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA
GARÐARSBRAUT 5



Úddi ehf.

óskar Húsvíkingum og Pingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum söguhornsgestum
samveruna á liðnu ári.

Axel og Trausti.



Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR

ÁRAMÓTABRENNNA og FLUGELDASÝNING

KVEIKT VERÐUR Í
ÁRAMÓTABÁLKESTI BÆJARINS
KL. 16:30 ÞANN 31. DESEMBER.

KIWANISKLÚBBURINN VERÐUR MED
FLUGELDASÝNINGU Í BOÐI NORÐURÞINGS
VÖLSUNGAR SJÁ UM AÐ TENDRA ELDINN.

KOMUM SAMAN OG KVEÐJUM ÁRIÐ 2010
OG FÖGNUM ÞVÍ NÝJA.

MUNID AÐ KOMA HVORKI MED FLUGELDA NÉ
BLYS AÐ BRENNUNNI, LÁTUM FAGMENNINA HJÁ
KIWANIS SJÁ UM ÞÁ HLUTI.



NORÐURÞING

ÆSKULÝÐSFULLTRÚÍ



Húsvíkingar - Pingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.



Yngri flokkar knattspyrnu

Noregsferð sumarið 2011 -Virðing og dugnaður hjá Völsungum

Áfram byggt á góðri reynslu

Haustið 2004 ákváðu þjálfarar, forsvarsmenn Íþróttafélagsins Völsungs og foreldrar iðkenda í 3. aldursflokki í knattspyrnu (f. 1989 og 1990) að efna til stærri og metnaðarfullri verkefna en áður hafði verið gert. Stefnan var sett á æfinga- og keppnisferð erlendis sumarið 2005. Hópurinn vann út frá eftirfarandi markmiðum:

- Styrkja og auka þátttöku unglínganna í íþróttinni.
- Auka samvinnu og samkennd milli unglínganna (liðsandann).
- Bæta ástundun og árangur.
- Styðja unglíngana til að taka afstöðu gegn reykingum og áfengisneyslu.
- Kynnast og kljást við jafnaldra í alþjólegri keppni.

Í júlí 2005 fóru tæplega 50 unglíngar með fylgdarliði í keppnisferð til Gautaborgar í Svíþjóð (www.gothiacup.se). Góð reynsla var af verkefningunni. Árin 2007 og 2009 hélt verkefnið áfram, þegar stórir hópar Völsunga fóru einnig til Gautaborgar.

Öflugt forvarnarverkefni

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að börn og unglíngar taki þátt í jákvæðum félagsskap, stundi reglulega og krefjandi hreyfingu og læri að eiga uppbyggileg samskipti við þjálfara, liðsfélaga og andstæðinga innan sem utan keppnisvallar.

Til fjölda ára hefur verið mikill og almennur metnaður hjá aðstandendum og iðkendum hjá Íþróttafélaginu Völsungi á Húsavík. Kostað hefur verið kapps að fá reynda og vel menntaða þjálfara og sníða starfið þannig að það höfði til sem flestra barna og unglínga.

Í því skyni að halda við og styðja þennan áhuga m.a. hjá unglíngunum okkar var ákveðið haustið 2009 að efna til fjórða ástundunar- og forvarnarverkefnisins með iðkendum í 3. aldursflokki. Markmiðin eru þau sömu, viðhalda áhuga og ástundun í knattspyrnunni og styðja unglíngana og fjölskyldur þeirra til að taka afstöðu gegn reykingum, áfengisneyslu og vímuefnanotkun. „Gulrótin“ eða verðlaunin voru þau sömu og áður, æfinga- og keppnisferð sumarið 2011.

Undirbúningur

Haustið 2009 hófst undirbúningurinn. Íþróttafélagið Völsungur, foreldrar og iðkendur skrifuðu undir samninga um markmið verkefnisins, kosin var stjórn verkefnisins og hafist var handa við fjáröflun. Aðstæður á þessum tíma voru um margt nokkuð óvissar og ögrandi, m.a. höfðu allar stærstu bankastofnanir landsins orðið gjaldþrota haustið 2008 og gjaldmiðillinn hafði fallið mikið. Utanlandsferðir höfðu hækkað upp úr öllu valdi og fjárhagur fyrirtækja, stofnana, félaga og fjölskyldna var þrengri, m.t.t. fjáröflunar og stuðnings.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður tóku einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félög hópnum allsstaðar mjög vel í fjáröfluninni. Hún fólst þó í auknu mæli í smærri og stærri verkefnum sem unglíngarnir og foreldrar þeirra tóku að sér. Almenn sölustarfsemi varð fyrir vikið minni en áður. Þessi undirbúningsvinna er mikilvæg og að henni komu fjöldi foreldra, unglíngarnir sjálfir með stuðningi þjálfara og framkvæmdastjóra Völsungs. Ekki er hallað á neinn, þó þetta tækifæri sé nýtt til að þakka Má Höskuldssyni og fjölskyldu sérstaklega fyrir störf þeirra í þágu verkefnisins.

Á undirbúningstímanum fjölgaði nokkuð í hópnum, sérstaklega hjá drengjunum. Ástundun unglínganna var góð og góð stemning og samheldni ríkti í hópnum.

Þegar upp var staðið hafði fjáröflunin gengið vel. Rétt er að koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem greiddu götu hópsins, bæði með almennri hvatningu og einnig með því að fá þeim minni og stærri verkefni, kaupa af þeim vörur, gefa þeim einnota umbúðir og styrkja þau og aðstoða á allan hátt.

Norwaycup í Osló

Í þetta sinn var ákveðið að sækja Norwaycup í Osló, sem er eitt stærsta knattspyrnumót unglínga sem haldið er. Í hópnum voru 16 stúlkur og 33 drengir (flest fædd 1995 og 1996), 8 fararstjórar, 2 þjálfarar auk nokkurra foreldra sem slógust í hópinn og voru drjúgir í vinnu fyrir hópinn.

Hópnum var þannig skipt upp á mótinu að stúlkurnar voru með eitt 11 - manna lið í keppni 15-16 ára og drengirnir með eitt 11 manna lið í keppni 15-16 ára og tvö 7 manna lið í keppni 15-16 ára.

Um 30 þúsund unglíngar 12-19 ára taka þátt í mótinu, þau eru í 1400 liðum frá um 60 löndum. Mótið eru að mestu haldið á Ekebergssléttunni, sem er rétt suðaustan við miðborg Oslóar.

Viku fyrir mótið, þann 22. júlí gerðust þeir hræðilegu atburðir í Osló og nágrenni að öfgamaður myrta 77 manns. Sprengja sprakk við stjórnarráðsbyggingu í Osló og fórust þar 8 manns. Síðan skaut hann 69 manns, að mestu ungmenni, sem voru á samkomu norska Verkamannaflokksins í Útey skammt frá Osló. Þessi atvik setti mótshaldið í ákveðið uppnám. Norðmenn ákváðu hins vegar að bjóða þessum öfgaöflum byrginn með því að halda daglegu lífi áfram með sem minnstu raski, sérstaklega hjá börnum og unglíngum. Því var ákveðið að halda mótið, en auðvitað bar mótshaldið keim af aðstæðunum. Hvarvetna mátti sjá fólk með blóm, lið voru með sorgarþönd og þátttakendur og gestir voru fullir virðingar og stuðnings. Mikil öryggisgæsla var á mótssvæðinu og um alla Osló. Unglíngarnir okkar sýndu aðdánarverða hluttekningu, stillingu og virðingu við þessar krefjandi aðstæður.

Fimmtudagskvöldið 29. júlí lagði hópurinn af stað með rútu til Keflavíkur og komum við heim til Húsavíkur aðfaranótt mánudagsins 8. ágúst. Ferðalag gekk eins og í sögu. Gist var í Nordseter grunnskólanum. Þaðan gekk sporvagn á aðalsvæði mótsins og í miðbæinn. Allur aðbúnaður og skipulag á Norwaycup var til fyrirmyndar. Hópurinn nýtti sér fjölbreyttar samgöngur svæðisins, sporvagna, strætó, lestir og ferju til að ferðast í leiki og í skoðunarferðir. Hópurinn skoðaði vel mótsvæðið uppi á Ekebergssléttunni, fór oft í miðbæinn til að kíkja í H&M og aðra markverða staði, í sund og dýfingar í Frognerbaded, í Vigelandsparken sáu þau fræga höggmynd – Sinne taggen (reiða strákinn), í ferjusiglingu, strandferð og sjósund í Hovedeyju og margt fleira. Allann tímann lék veðrið við hópinn, hitastig var frá 15°-25° og sólríkt. Líkt og aðrir íslenskir ferðalangar, tóku unglíngarnir vel eftir því að ýmislegt smálegt sem þau keyptu, var nokkuð dýrt þegar norsku krónunum var snarað yfir í íslenskar. Hópurinn naut leiðsagnar og samvista Húsavíkinga sem búa í Osló, m.a. Kötlur Sóleyjar Skarphéðinsdóttur og Katrínar Bjarkar dóttur hennar og Pálma Rafn Pálmasonar, Telmu Ýr Unnsteinsdóttur konu hans og Alexanders Rafns sonar þeirra. Pálmi sýndi hópnum

sérstaka gestrisni með því að skipuleggja að hópnum var boðið á leik Stabæks og Start í norsku úrvaldsdeildinni. Leikurinn fór fram í Telenor Arena. Sjálfur átti hann góðan sigurleik með Stabæk.

Að lokum

Í könnunum um áfengis-, tóbaks- og vímuefnanotkun sem gerðar hafa verið meðal unglunga og foreldra á Húsavík, eru vísbendingar um að neysla þessara efna sé í lágmarki meðal unglunga á Húsavík og þau hefji almennt neyslu þeirra síðar en áður var. Í umræðu um þennan árangur hefur m.a. þessu markverða forvarnarverkefni Íþróttafélagsins Völsungs verið þakkaður árangurinn. Vísbendingar eru einnig um að þátttakendur í verkefninu séu sérstaklega meðvitaðir um gildi hreyfingar, jafnvel eftir að þau hætta iðkun knattspyrnu. Könnun meðal þátttakenda og foreldra í forvarnarverkefnum Völsungs árin 2005, 2007, 2009 hefur sýnt að mikil og almenn ánægja sé með verkefni og að þau skili markmiðum sínum. Vonandi hefur verkefnið einnig jákvæð áhrif á samstarf og samvinnu unglunganna, sem skilar sér í enn jákvæðari bæjarbrag.

Næsta forvarnarverkefni er þegar hafið, nú eru það unglingar fæddir 1997 og 1998 og foreldrar þeirra sem taka við keflinu. Markmiðin eru þau sömu og er áhugasömu knattspyrnufólki bent á þjálfara og framkvæmdastjóra Völsungs, hafi þeir áhuga á að slást í hópinn.

Ágætu ferðafélagar í Osló sumarið 2011, takk kærlega fyrir dugnaðinn í verkefninu og skemmtilegar samverustundir. Ég fullyrði að við erum öll ánægð með ferðina og árangurinn og kunnum velgjörðarfólki okkar þakkar fyrir stuðninginn.

Eigið ánægjulega aðventu og gleðileg jól og áramót. Ágúst Sigurður Óskarsson. Foreldri



Efsti röð frá vinstri: Elva, Hrammar, Jon Ásbjörn Eijhórn, Gauti Freyr, Sindri, Halldór, Bjarki Freyr, Ásgeir, Sigrún Hjörvar, Helga, Bergþór Atli, Kristinn Ólafur Erick, Guðmundur Midróð Þörný, Lilja Björk, Rói, Anna Jónína, Gunnar, Styrurjón, Hilmar, Arnar Ingi, Adalsteinn, Berglind, Guðný Björg, Brynjar F, Mikael, David, Grétar, Hrammar, Ásgeir Óli, Gunnar. Kristín Lára, Dagbjört, Ásrun Ósk, Þórunn Birna, Valdis, Brynja M, Jana Björg, Gunnar Páll, Reynir Örn, Jón Óskar, Adam Helgi, Friðrik Rúnar, Vigfús Bjarni, Brynjar Örn, Viktor Freyr.

3.fl. karla 2011.

Þessi hópur var mjög fjölmennur enda hékk ferð á Norway-cup á spýttunni en hópurinn taldi 34 stráka og var algengur fjöldi á æfingum ca. 24-28 stk ! Eigum við svo að tala um aðstöðuna eða setja undir okkur hausinn, sem varð reyndar raunin. Strákarnir eiga heiður skilið fyrir æfingasókn, en við fengum 1 klst. í Höllinni á viku, já þetta er ekki grín og svo vorum við 2-3svar í viku á sparkvöllum sem var engan veginn boðlegt með allan þenna fjölda. Við fórum á tvö vormót, Greifamót á Akureyri og Alcoa mót á Reyðarfirði. Í sumar sendum við 11 og 7 manna lið til keppni í Íslandsmóti og bikar og alls léku þeir rétt um 30 leiki í þessum mótum. Í Noregsferðinni skiptum við okkur upp í eitt 11 manna og tvö 7 manna lið og lékum alls 15 leiki í hreint út sagt frábærri ferð að mínu mati. Strákarnir voru þarna flestir að spila sínu bestu leiki, veðrið var frábært, skipulagning mótsins var góð þó svo að hörmulegir atburðir hafi átt sér stað í Osló örfáum dögum áður en mótið hófst, já og svo maturinn ekki má gleyma honum mmmmm...! Og krakkarnir allir algjörir snillingar, frábær hópur. Bjarki Þór Jónasson missti af þessari ferð, en hann var valinn í landslið Íslands 2. U16 sem tók þátt í Norðurlandamóti á sama tíma og að sögn sparkspekinga lék Bjarki vel á mótinu. Ásgeir Sigurgeirsson fór mikinn í sumar í leikjum Völsungs og var því valinn í KSÍ „elítu“hóp drengja fæddra 1996 og æfði hann með hópnum í eina viku á Laugarvatni í júlí. Strákunum vil ég þakka kærlega fyrir árið og sér í lagi fyrir þolinmæðina gagnvart æfingaaðstöðunni sem var vægast sagt dýpur. Noregsferðin var frábær og geta krakkarnir, fararstjórar og aðrir foreldrar td. Mási verið rígmontin með verkefnið en það gékk nánast allt upp enda „hollingin“ á hópnum glæsileg !!. Guðni Már Kjartansson var mín hægri hönd í þjálfuninni þetta árið og er drengnum vel lýst með þessum orðum „Það þarf mann eins og þig“ sérstaklega fyrir Völsung !!!!

Jólaeveðja, Róbert Ragnar Skarphéðinsson.



3.flokkur kvenna

Stelpurnar í 3.flokki voru ekki margar þetta tímabilið. Reyndar var útlitið ekkert allt of þjart á tímabili að stelpurnar hreinlega næðu í 11 manna lið fyrir sumarið. Meiðsli og veikindi voru helst til áberandi síðasta vetur en hópurinn náði nú að hrista þetta af sér fyrir fyrsta leik og æfði í raun alveg þokkalega vel þrátt fyrir allt. Íslandsmótið gekk svona upp og niður en þó meira upp eftir slæma byrjun í fyrsta leik tímabilsins gegn Hetti í snjókomunni fyrir austan. Stelpurnar kvittuðu nú fyrir sig með því að leggja héraðsbúana hér heima í bikarnum skömmu síðar. Feilpúst og klaufagangur undir lok móts varð til þess að liðið komst ekki í úrslit þetta árið, þrátt fyrir mjög góða möguleika fyrir síðustu leikina. Hópurinn fór ásamt 3.flokki karla í ógleymanlega keppnisferð til Noregs í sumar. Hægt væri að skrifa heila bók um þá ferð auðvitað en þar þóttu stelpurnar standa

sig með mikilli þrýði jafnt innan vallar sem utan. Þær unnu flesta sína leiki í mótinu og komust alla leið í 16-liða úrslit þar sem þær töpuðu óverðskuldað 1-0 eftir að hafa verið betri aðilinn í leiknum. En það eru víst mörkin sem telja. Þessi ferð á Norway-cup á seint eftir að líða úr minni hjá hópnum.

Tímabilið endaði í mikilli rússíbanareid á Húsavíkuvelli í byrjun september. Þá spiluðu stelpurnar úrslitaleik við Þór um norður-og austurlandsbikarinn. Mikil spenna var í leiknum og frábær skemmtun fyrir áhorfendur. Staðan var 3-3 í hálfleik en ekkert mark var skorað í seinni hálfleiknum. Því þurfti að grípa til framlengingar. Það var svo í seinni hálfleik framlengingar sem Þórsarar sluppu innfyrir og klárðu vel. 3-4 tap staðreynd og silfrið í Valitor-bikarnum okkar hlutskipti í ár.

Þrátt fyrir lítinn hóp og svekkjandi úrslit í mótum þá er sumarið kyrfilega greypt í hausinn á okkur öllum sem að þessu komu. Svo verður að koma fram að án 4.flokks kvenna hefðum við ekkert getað spilað þessa leiki í sumar! Við fengum stelpur lánaðar þaðan og ef mig misminnir ekki þá fengum við allar stelpurnar af eldra ári í 4.flokki lánaðar einvern tímann í sumar.

Öllum leikmönnum, dómurum, foreldrum (sérstaklega ráðinu), Svenna, Ingvari, Danna, Jóa Páls, Alla Jóa og Helgu þakka ég mikið vel fyrir samstarfið á árinu. Það verður spennandi að fylgjast með þessum stelpum á næstunni þegar þær fara að stíga sín fyrstu spor með meistaraflokki. Menn þurfa ekki að kvíða framtíðinni með þennan viljuga og virkilega öflugan hóp.

Að lokum sendi ég öllum Völsungum nær og fjær hugheilar jóla- og nýárskeðjur. Með von um gott og gefandi knattspyrnuár 2012.

Jóhann Kr. Gunnarsson

4.flokkur karla.

17 drengir æfðu og spiluðu með 4.fl.kk í sumar. Flestir drengjanna voru að stíga sín fyrstu skref á 11 manna velli og lærðu strákarnir mikið í sumar. Auk þess að vera með 11 manna lið í Íslandsmóti skráðum við 7 manna lið til keppni, það mót var spilað í tórneringum og unnu strákarnir 2 tórneringar af 4. 11 manna liðið var í baráttu um að komast í úrslit en vantaði herslumuninn á móti Akureyrarliðunum þar sem þeir áttu meira skilið en þeir fengu.

Í lok nóvember voru svo 4 drengir af eldra ári úr þessum hópi valdir til að fara á úrtaksæfingum fyrir U-16 landsliðið og voru félagi sínu til sóma á þeim æfingum.

Alli Jói og Elfar Árni.

5. flokkur karla.

Þetta tímabil voru tæplega 20 strákar að æfa að jafnaði. Í febrúar voru fyrstu leikir ársins hjá strákunum þegar þeir fóru á Goðamótið á Akureyri. Þangað fórum við með tvö lið og stóðu þau sig bæði með þrýði. Í kjölfarið var æft stíft fram að sumri og mátti sjá góðar framfarir hjá mörgum strákum. Um sumarið vorum við með tvö lið í Íslandsmóti og þar endaði A-liðið í 3 sæti og B-liðið í 4 sæti á eftir Akureyrarliðunum. Um mitt sumarið fórum við síðan á N1 mótið á Akureyri og þótti strákunum það bara mjög gaman þrátt fyrir misjafnt gengi en þetta fer allt saman í reynslubankann hjá strákunum.

Arnþór, Ingvar og Sindri



5. flokkur kvenna.

17-19 stelpur æfðu knattspyrnu í 5.flokki kvenna þetta sumarið. Með þennan fjölda var ekki annað hægt en að skrá bæði A og B lið til leiks á Íslandsmótinu en oftast en ekki þurfti stúlkur úr 6.flokki til þess að nást myndi í fullt lið þegar að leikjum kom. Alltaf bjargaðist það þó og spiluðu einar 26 stúlkur fyrir flokkinn á Íslandsmóti. Stórskemmtilegur hópur stúlkna sem ávallt voru hressar á æfingum. Eins og gengur og gerist á þessum aldri þá var áhugi fyrir fótbolta mismikill en allar voru þær tilbúnar í að leggja sig fram og taka þátt í æfingunum.

Farið var á eitt mót, Landsbankamótið á Sauðárkróki og gist þar í tvær nætur. A-liðið komst í úrslit þar og tapaði fyrir Skagastelpum í úrslitaleiknum. 2.sætið þó þeirra á meðan B-liðið gerði aragrúa af jafnteflum og endaði í 5. sæti. Að þora að taka af skarið og skjóta á markid var þó hlutur sem þær bættu sig í eftir að heim var komið.

A-liðið lenti í 2. sæti í sínum riðli á Íslandsmótinu og komst því í úrslitakeppni sem fór fram í Hafnarfirði í lok ágúst. B-liðið náði ekki svo langt en sýndu miklar framfarir sem og aukna leikgleði eftir því sem leið á sumarið. A-liðið átti skemmtilega ferð suður í úrslit og endaði í 6-7. sæti á landsvísu en 34 A-lið voru skráð til leiks í sumar. Virkilega góður árangur það og mikið af efnilegum knattspyrnustúlkum í flokknum. Þjálfarar skemmtu sér vel og lærðu mikið af sumrinu. Við þökkum foreldrum, og þá sérstaklega foreldraráði, kærlega fyrir samstarfið í sumar. Einnig þökkum við Bílaleigu Húsavíkur, Emmessls, Heimabakaríi og Wilson's pizza kærlega fyrir þeirra þátt í að gera suðurferðina svo ótrúlega mikið auðveldari.

Aðalsteinn Jóhann Friðriksson & Ingvar Björn Guðlaugsson

6. flokkur karla

Það voru 18 strákar sem æfðu síðastliðið ár í 6. flokki. Þeir voru mjög duglegir að mæta á æfingar og tóku þar af leiðandi miklum framförum. Í vetur tóku þeir þátt í fyrsta héraðsmóti HSP í fótbolta innanhús, þar var farið með tvö lið á Þórshöfn og gerði annað liðið sér lítið fyrir og varð héraðsmeistari. Í mars var svo farið með tvö lið á Goðamót og er óhætt að segja að strákarnir hafi þar staðið sig frábærlega og vaxið mikið sem leikmenn. Í sumar var farið á tvö mót, Hattarmót í Fellabæ og Króksmót á Sauðárkróki, auk þess sem tekið var þátt í Pollamóti KSÍ á Dalvík. Í þessum mótum stóðu þeir sig mjög vel og höfðu mikla leikgleði sem skilaði þeim góðum árangri. Í lok sumars spiluðum við svo hér á heimavelli á Húsavíkurmótinu og var það frábær endapunktur á knattspyrnuárinu, mikil leikgleði og ánægja í lokin. Takk fyrir skemmtilegan tíma, veriði duglegir að æfa, hlusta á þjálfarana ykkar og gangi ykkur vel í framtíðinni.

Boltakveðja, Unnar Þór

6.fl kvenna

Þetta var fínt tímabil hjá 6.flokki kvk, farnar voru tvær æfingaferðir í Bogann á Akureyri og spilaðir æfingaleikir við 6.fl Þórs og voru þetta finar ferðir, stelpurnar tóku þátt í Fjarðarálsmóti á Reyðarfirði á vordögum, Landsbankamóti á Sauðárkróki, Íslandsmóti/hnátumót hér á Húsavík og svo á Húsavíkurmóti í lok ágúst. Þær stóðu sig mjög vel á þessum mótum öllum og eru þarna á ferð mjög efnilegar stúlkur og þarf engu að kvíða í framtíðinni með þennan hóp. Ég vil þakka stelpunum og foreldrum fyrir samstarfið og óska ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar og ósk um gleðilegt knattspyrnuár 2012.

Guðni Bragason



640.is

Svipmyndir frá Húsavíkurmóti.

7. og 8. flokkur karla og kvenna

Það voru rúmlega 30 krakkar sem æfðu af miklu kappi síðastliðinn vetur og sumar. Það var ávallt mikið fjör á æfingum í sumar þrátt fyrir að veðrið hafi á stórum köflum verið afskaplega leiðinlegt svo ekki sé meira sagt. Krakkarnir tóku miklum framförum í vetur og sumar. Farið var á eitt mót í vetur og svo fórum við eina heimsókn til Þórsara auk þess að spila hér heima í lok sumars á Húsavíkurmótinu. Það er alveg ljóst að framtíðin er björt miðað við þessa krakka sem æfðu af miklum áhuga og ákafa allan síðasta vetur og sumar. Hinsvegar er áhyggjuefni að næsta sumar stefnir í að ekki verði hægt að bjóða þessum krökkum uppá viðunandi aðstæður til að njóta þess að iðka íþróttina. Takk fyrir árið, veriði dugleg að æfa og hlusta á þjálfarana ykkar og gangi ykkur vel í framtíðinni.

Boltakveðja, Unnar Þór, Áslaug, Ásrún, Ásgeir, Bjarki Freyr, Þórunn og Þórný

Húsavíkurmót Trésmiðjunnar Rein og Múra í knattspyrnu.

Knattspyrnumót fyrir iðkendur 6. og 7. flokka kk og kv var haldið á Húsavíkurvelli þann 28. ágúst. Um árlegt dagsmót er að ræða þar sem félög af Norður og Austurlandi mæta. Um 320 keppendur mættu til leiks og léku sér í fotbolta og gæddu sér svo á grilluðum pylsum á eftir. Eins og undanfarin ár eru það foreldrar 6. og 7. fl Völsungs sem standa fyrir mótinu. Framkvæmd mótsins tókst ágætlega og þökkum við foreldrum og öðrum sem að framkvæmdinni komu kærlega fyrir þeirra vinnu

Bjarki Þór Jónasson spilar landsleik á Húsavíkurvelli.

5. ágúst fóru fram á Húsavíkurvelli landsleikir U17 karla í norðurlandamóti. Leiknir voru lokaleikir í B – riðli keppinnar. Ísland – Danmörk léku fyrri leikinn sem endaði 0 – 2 fyrir Danmörk. Bjarki Þór Jónasson var í byrjunarliði Íslands í þessum leik en þetta var síðasti leikur mótsins. Áður hafði Bjarki komið inná sem varamaður á móti Finnlandi á miðvikudeginum og Svíþjóð á þriðjudeginum.

Framkvæmd leikjanna á Húsavík var í höndum okkar hjá Völsung í samvinnu við KSÍ. Má með sanni segja að framkvæmdin tókst í alla staði vel og var félaginu til sóma. Margar hendur komu að verkefninu við skipulagningu og framkvæmd og eru þeim færðar hér bestu þakkar frá félaginu fyrir sín störf.

Hér á eftir koma svör við nokkrum spurningum sem ritstjóri sendi Bjarka.

Hver er uppáhalds:

Matur? Það er yndislegt að koma heim eftir erfiða æfingu hjá Dragon og fá sér plockfiskinn hennar mömmu

Tónlist? Ég hlusta á allt mögulegt.

Tónlistarmaður? Minn maður Justin Bieber. Ég er með Bieber fever.

Kvikmynd? Notebook er í sérstöku uppáhaldi, Ég er mjúkur maður.

Leikari? Ryan Gosling. Hann lék einmitt í Notebook.

Lið? Newcastle United.

Knattspyrnumaður? SUPERMARIO !! Balotelli.

Hver er munurinn á því að æfa með Völsung eða með landsliðinu? Allar æfingar eru skipulagðari og þar eru allir góðir.

Hvað stendur upp úr eftir árið? Sennilega að heyra þjóðsönginn áður en ég spilaði á móti Dönnum á Húsavíkurvelli. Einnig setti ég hann úr víti á mót Finnum.

Hefur þú sett þér einhver markmið í framtíðinni sem þú vilt segja frá? Að verða atvinnumaður í fótbolta.

Hvað skiptir mestu máli fyrir þig til að ná árangri? Æfa vel og hafa rétt hugarfar.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Spila fótbolta og taka gott chill með vinunum.

Eitthvað að lokum? By the power of greyskull

Haffi á ferð og flugi.

Mikið hefur verið að gera hjá Haffa á árinu 2011. Fyrir utan að æfa og spila með meistaraflokk Völsungs hefur hann farið á fjölmargar landsliðsæfingar og tekið þátt í mótum með landsliðum U17 og U19. Haffi fór með U 17 landsliði Íslands til Búkarest í mars þar sem þeir tóku þátt í milliriðli EM. Ísland endaði neðst í sínum riðli með eitt stig. Okkar maður kom inná í fyrsta leik liðsins, var í byrjunarliði í öðrum leik og kom svo inná í síðasta leiknum en þurfti því miður að fara útaf meiddur eftir fimm mínútna leik. Haffi var svo aftur á ferðinni með landslið U19 á æfingamóti í júlí sem haldið var í Svíþjóð. Þar byrjaði Haffi alla leikina og náði að skora eitt mark í sigurleik gegn Wales. Ísland vann það mót.

Haffi kom við sögu í 21 leik fyrir meistaraflokk Völsungs árið 2011, 19 í deild og 2 í bikar. Í þessum leikjum skoraði hann 9 mörk í sumar þar af þrennu í eftirminnilegum leik á móti Tindastól/Hvöt þar sem Völsungur vann leikinn eftir að hafa verið 0 – 2 undir á 62. mín. Haffi fór svo og æfði með Sunderland 10. – 16. október. Frábært tímabil hjá Haffa sem var kjörinn efnilegasti leikmaður tímabilsins af liðsfélögum sínum á lokahófi meistaraflokkanna í haust.

Hér á eftir koma svör við nokkrum spurningum sem ritstjóri sendi Haffa.

Hver er uppáhalds:

Matur? Nautakjöt eða humar klárlega!

Tónlist? Hlusta á nánast allt!

Tónlistarmaður? Eminem.

Kvikmynd? Die hard klikkar ekki!, ja og svo Good Burger!

Leikari? Adam Sandler.

Lið? Liverpool og Völsungur!

Knattspyrnumaður? Ronaldinho var alltaf í miklu uppáhaldi hjá mér, annars er Balotelli kóngurinn.

Hver er munurinn á því að æfa og spila með Völsung eða með landsliðinu? Aðstaðan, alltaf gaman að fara suður og æfa í Kórnum!

Hvað stendur upp úr eftir árið? Sennilega þegar við í U-18 unnum Svíðþjóðar mótið.

Hefur þú sett þér einhver markmið í framtíðinni sem þú vilt segja frá? Of mörg til að telja upp.

Hvað skiptir mestu máli fyrir þig til að ná árangri? Æfa vel borða rétt og góðan svefn.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Sofa ..spila fótbolta, spila ps3..og vinna Arnþór í stigakeppni! ;)

Eitthvað að lokum? ÁFRAM VÖLSUNGUR!



640.is

Svipmyndir frá Húsavíkurmóti.



640.is

Prettándagleði 2011. Föstudaginn 6. janúar.

Brenna - Söngur - Gleði - Flugeldasýning
Álfadrottning, kóngur og púkar verða með í göngunni.

Lagt verður af stað frá Grænatorgi
(í Íþróttahöllinni) kl.18:00. Gengið verður niður á
uppfyllingu sunnan við GPG.
Komum saman og kveðjum jólin.
Krakkar og allir sem vilja mæti í búningum og
tilheyrandi.



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera
þjört.
Þökkum liðnu árin.



FOSSHÓTEL
HÚSAVÍK




Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s



Gleðileg jól

farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin
á árinu sem er
að líða.

emmessis

Óskum viðskiptavinum
okkar og Þingeyingum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi
ári með þökk fyrir sam-
skiptin á árinu.

tónninn
málningarþjónusta • sími 844 7768

MÚRBÚÐIN

Jólagjöf sem hentar öllum



Pegar þú notar Gjafakort Landsbankans

til jólagjafa verður jólagjöfin aldrei vandamál. Gefandinn ákveður upphæðina og viðtakandinn velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Ungmenningarhúsið Tún

Tún

Þann 17. nóvember, átti Tún eins árs afmæli og er ansi margt sem hefur drifið á daga okkar þetta ár.

Í húsinu er starfsemi í gangi fyrir þrjá aldurshópa, 10 – 12 ára sem er einn seinnipart í viku, 13 – 15 ára sem er tvö kvöld í viku og 16 – 25 ára sem er fast tvö kvöld í viku og svo eftir samkomulagi. Tún ungmennningarhús hefur blómstrað í nýjum húsakynnum síðast liðið ár. Mikil aðsókn hefur verið í húsið meðal ungmenna á aldrinum 10 – 25 ára. Hljómsveitaraðstaða er í húsinu auk ýmissa afþreyingarmöguleika. Haldnir hafa verið mömmumorgnar vikulega í húsinu í vetur, samstarf hefur verið við ýmsa aðila um að hýsa hópa sem sækja bæinn heim og vantar gistingu. Kvikmyndaklúbbur er starfræktur í umsjón Helgu Bjargar og Hjálmars Boga og er hann opinn öllum á framhaldsskólaaldri

og eldri, þar eru mest megnis sýndar kvikmyndir frá Græna Ljósinu. Útskriftarnemar settu upp draugahús fyrir bæjarbúa í tilefni af Hrekkjavöku, jóga fyrir börn og ungmenni í umsjón Huldar Hafliða er ný farið í gang og svo er margt spennandi fram undan.

Í Túni er Ungmenningarhúsið Tún til húsa, en umsjónarmaður þess er Sigríður Hauksdóttir, og Úti á Túni Menningarfélag, en með vinnustofur í Túni eru Arnhildur Pálmadóttir arkitekt, Baldur Kristjánsson myndlistarmaður og arkitektúrnermi, Röðull Rey Kárason myndlistarmaður og arkitektúrnermi, Arnþrúður Dagsdóttir myndlistarmaður og Ása Óladóttir myndlistarmaður.

Ungmennahúsið Tún og Úti á Túni menningarfélag hafa verið með viðburði og starfsemi af ýmsu tagi þetta ár. Í kjölfarið á opnuninni í fyrra var jóladagskrá þar sem boðið var upp á vínplötukvöld en Tún á plötuspilara og nokkrar sígildar jólaplötur, jólakortasýningu þar sem kort frá Alla á Mánarbakka og úr safni Kristjönu Maríu voru til sýnis, jólamarkað í skúrnum þar sem hönnuðir og handverksfólk seldi vörur sínar, jólabíó, jólablöð og bækur og aðstöðu til að búa til jólakort.

Hugmyndasmiðjan hefur haldið tvö námskeið fyrir börn og ungmenni frá 10 ára aldri. Í hugmyndasmiðjunni reyndum við að vekja athygli ungmennanna sem og bæjarbúa á svæðum í bænum sem mætti hlúa að og fegra. Einnig settum við upp brúðuleikhús, fórum í skrudgöngu, settum upp gönguleiðir og margt fleira. Auk þess hafa verið settar upp hraðhugmyndasmiðjur fyrir hópa og fyrirtæki t.d. fyrir landsmót Slysavarnarkvænna, vinnuskólann og árgangamót.

Örnámskeið hafa verið sett upp eins og t.d. teiknikaffihús og haldnar hafa verið ýmsar sýningar t.d. á verkum Kára Sigurðssonar o.fl. Hugmyndaverkstæði sem var samvinnuverkefni milli Þekkingarnets Þingeyinga, Vinnumálastofnunar og Úti á Túni fór fram í mars og apríl. Þar var unnið með ungum atvinnuleitendum að því að finna hugmynd, þróa verkefni og koma á framfæri. Þar komu fram mjög fínar hugmyndir til atvinnusköpunar á svæðinu, draugaspi, útiæfingartæki og hreyfanleg plötubúð.

Fram undan í Túni er m.a. Aðventudagatal Jónu Birnu Óskarsdóttur, jólavínplötukvöld, framhald verður á Hugmyndasmiðjunni fyrir börn og ungmenni, væntanlegt samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga og Vinnumálastofnunar, samstarf við Framhaldsskólann á Húsavík varðandi frumkvöðlamennt, Útvarp Tún í samstarfi við Guðna Bragason og margt fleira spennandi og skemmtilegt. Tún er fyrir alla bæjarbúa og allar hugmyndir að skapandi verkefnum eru vel þegnar.

Alla dagskrá er hægt að finna á heimasíðu Túns sem og á fésbókinni og hvetjum við fólk til að fylgjast með okkur þar.



Frá starfseminni í Túni.

Sigríður Hauksdóttir

Frá Frjálsíþróttadeild Völsungs

Frjálsíþróttastarf hjá Völsungi er samofið frjálsíþróttastarfi HSP. Æfingar eru stundaðar undir

dyggri stjórn Jóns Benónýssonar (Bróa) á Laugum á sumrin þar sem iðkendur á Húsavík og Kelduhverfi keyra sig 2x í viku. Yfirleitt fullir þrír bílar. Á veturna kemur Brói aftur 2x í viku í Íþróttahöllina á Húsavík og einnig höfum við verið með æfingar fyrir 9 ára og yngri. Í fyrra vetur sá Ágústa Pálsdóttir um þær æfingar en í vetur Selmdís Þráinsdóttir. Með þessu móti reynum við að nota sem best aðstöðuna sem er í héraðinu. Frábær æfinga- og keppnisvöllur á Laugum á sumrin og stærsta íþróttahúsið á svæðinu á Húsavík á veturna. Í vetur eru um 50 iðkendur að mæta á æfingar á öllum aldri og er það talsverð fjölgun frá fyrra ári.

Afreksfólkinu okkar fer líka fjölgandi hér á svæðinu og erum við mjög stolt af því. Í dag eigum við fjóra í Úrvalshópi FRÍ (Frjálsíþróttasambandi Íslands) unglinga 14-22 ára. Auði Gauksdóttir í hástökki, Brynjar Örn Arnarsson í grindahlaupi, Dagbjörtu Ingvarsdóttir í grindahlaupi og langstökki og Selmdís Þráinsdóttir í stangarstökki. Frábær árangur hjá okkar unga keppnisliði.

Þegar árið er gert upp langar okkur að rifja upp það helsta sem var á döfinni hjá okkar frábæra HSP frjálsíþróttafólki í sumar. Hafdís Sigurðardóttir var í góðu formi í sumar og bætti fyrri árangur sinn. Í júní tók hún þátt á Smáþjóðaleikum í Lichtenstein með landsliði Íslands en þar keppti hún í 100m hlaupi, langstökki og 4x100m boðhlaupi. Á mótinu bætti hún sig í 100m er hún hljóp á tímanum 12.15 sek en hennar fyrri tími var 12.48 sek. Hún bætti sig einnig í langstökki þegar hún stökk 6.09 m en það stökk tryggði henni 3. sæti. Íslenska sveitin með hana innanborðs hreppti svo brons í boðhlaupi. Hafdís keppti einnig á heimsleikum unglinga í Gautaborg en þar náði hún mjög góðum árangri í langstökki þegar hún stökk 6.32 m. Það dugði henni í annað sæti en því miður var vindur of mikill til að stökkið teldist löglegt. Hafdís keppti fyrir hönd HSP á Meistaramóti Íslands sem fram fór helgina 22.-24. júlí. Þar sigraði hún þrefalt; í 100m, 200m og langstökki. Hún átti einnig besta afrek mótsins í kvennaflokki en hún hljóp 100m á 11,96 sek en það gaf 1020 stig. Við getum verið virkilega stolt af því að eiga slíka afrekskonu í röðum HSP.

Sumarið fór hægt af stað hjá yngri kynslóðinni, hvort sem það var köldu vorveðri um að kenna eða einhverju öðru. Segja má að mótavertíð sumarsins hafi hafist á Meistaramóti Íslands 11-14 ára sem var að þessu sinni haldið í Vík í Mýrdal í lok júní en þar átti HSP aðeins tvo keppendur. Á mótinu náði Bjargey Ingólfsdóttir 3. sæti í grindahlaupi.



Fjör í frjálsum. Mynd. Heiddi

Sumarleikar HSP voru haldnir helgina 2.-3. júlí í hinu besta veðri og tókust þeir mjög vel. Þar mættu til leiks 159 keppendur frá 7 félögum, þar af 32 frá HSP. Krakkarnir okkar stóðu sig með mikilli þryði þar sem þau komu heim með 25 gull, 21 silfur og 20 brons. Það er gaman að sjá hvað Sumarleikar HSP skipa orðið stóran sess hjá frjálsíþróttafélögum á Norðurlandi en mörg þeirra fjölmenna á mótið.

Unglingalandsmóti UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina og þar átti HSP 40 keppendur í ýmsum greinum, þar á meðal frjálsum íþróttum. Frjálsíþróttakrakkarnir okkar stóðu sig vel og komu heim með 1 gull, 6 silfur og 7 brons. Elvar Baldvinsson sigraði þar í hástökki með stökk upp á 1,68m. Þá hæð átti hann síðan eftir að bæta síðar um sumarið með stökki uppá 1,70m á lokamóti HSP á Laugum í byrjun september.

Sunnudaginn 21. ágúst var Bikarkeppni FRÍ, 15 ára og yngri haldin í Kaplakrika í Hafnarfirði. HSP sendi þangað sterkt lið en alls tóku þátt 10 lið. Lið HSP stóð sig frábærlega en lið þeirra í piltaflokki sem skipað var þeim Brynjari Arnarsyni, Elvari Baldvinsyni, Freyþór Harðarsyni, Hjörvar Gunnarssyni og Snæþóri Aðalsteinssyni varð í öðru sæti í stigakeppninni með 69 stig en ÍR sigraði með 95 stigum. Lið okkar á stúlknaflökki sem skipað var þeim Dagbjörtu Ingvarsdóttur, Auði Gauksdóttur, Kristínu Kjartansdóttur, Jönu Björg Róbertsdóttur og Bjargey Ingólfsdóttur varð í sjötta sæti með 57 stig en þar sigraði FH með 76 stigum. Í samanlögðum flokki varð lið HSP í fjórða sæti með 126 stig. Frábær árangur hjá ungu liði HSP.

Helgina 27.-28. ágúst var Meistaramót Íslands 15-22 ára haldið á Akureyri. Þar átti HSP sex keppendur sem komu heim með 5 gull, 4 silfur og 4 brons. Á mótinu vann Dagbjört Ingvarsdóttir eitt besta afrek mótsins er hún sigraði langstökk í sínum aldursflokki með stökki upp á 5,27 m.

Í byrjun september var lokamót sumarsins haldið á Laugum. Mótið var stutt en aðeins var keppt í fáum greinum. Þar gafst keppendum tækifæri að bæta sig enn frekar í lok sumars og kveðja sumarið með stæl. Í lok móts voru einnig veitt verðlaun fyrir besta árangur stúlkna og pilta á Sumarleikum HSP. Þau verðlaun komu í hlut Elvars Baldvinssonar fyrir langstökk og grindahlaup eða 947 stig og Dagbjartar Ingvarsdóttur fyrir 80m grind eða 1058 stig. Eftir mótið var haldin pylsuveisla og að lokum farið í sund. Góður endir á frábæru frjálsíþróttasumri.

Um leið og við endum þessa samantekt á liðnu ári viljum við þakka þjálfurum okkar fyrir árið og þá sérstaklega Bróa fyrir hans frábæra og ómetanlegt starf, foreldrahópnum fyrir vel unnin störf á mótum ársins en án hans er þetta ekki hægt og svo öllum sem hafa styrkt okkur á árinu. Minnum svo á að Dagatal HSP fer að koma inn um lúguna.

*Frjálsíþróttafélag HSP. Ágústa Pálsdóttir, Friðrika Illugadóttir
Gunnhildur Gunnsteinsdóttir, Hulda Skarphéðinsdóttir og Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir*

Völsungur í samstarfi við FSH í afreksíþróttum

Um áramótin 2010 hófu Í.F.Völsungur og FSH samstarfi um framkvæmd og skipulag á afreksíþróttum fyrir þá nemendur sem æfa íþróttir hjá félaginu og stunda nám við skólann.

Markmiðið þessa samstarf er að þeir iðkendur sem hafa staðið sig mjög vel og sýnt mikla hæfileika og áhuga í íþrótt sinni geti með markvissum hætti æft íþrótt sína og fengið það metið til eininga hjá FSH.

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur milli FSH og Völsungs þar sem skilgreind eru hlutverk hvors aðila. Í þessu samkomulagi kemur m.a. fram að þeir iðkendur Völsungs sem stunda nám við Framhaldsskólann á Húsavík geta valið að stunda nám á afreksíþróttasviði. Viðkomandi nemandi verður að vera virkur iðkandi í Völsungi og æfa markvissst undir handleiðslu þjálfara 4 - 6x á viku að jafnaði. Gerðar eru kröfur til nemenda um ástundun og mætingu í samræmi við reglur skólans. Standist nemendur þær kröfur sem settar eru fá þeir þrjár einingar metnar á önn fyrir þátttökuna í áfanganum.

Þetta samkomulagið er jafnframt forvarnarverkefni og eru gerðar kröfur um að nemendur séu fyrirmyndir. Neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er ekki liðin. Því verður nemandinn að undirrita ákveðinn samning um þátttöku og samþykka þau skilyrði sem sett eru. Brjótí iðkandinn þetta samkomulag hefur hann fyrirgert rétti sínum til þátttöku á afrekssviðinu.

Helstu skyldur Í.F.Völsungs er að halda utan um iðkendur í hverri íþróttagrein fyrir sig hvað varðar almennar æfingar,keppni og forvarnarþáttinn. Félagið útvegar þjálfara með fullnægjandi þjálfaramenntun er hæfir aldurs- og getustigi hverju sinni. Samstarf við sérgreinaþjálfara skiptir þar lykilmáli. Það útvegar aðstöðu til æfinga er hæfir íþróttinni eins og félagið hefur tök á. Sömuleiðis þarf félagið að útvega fræðslu sem tengist þjálfun, lífsstíl og markmiðssetningu. Áhersla er lögð á að félagið vinni samkvæmt forvarnarstefnu sinni.

Framhaldsskólinn á Húsavík leggur fram tvær kennslustundir á viku í 15 vikur og aðstöðu í íþróttamannvirkjum. Samstarf við FSH byggir á þátttöku iðkenda á skólatíma sem kennari stjórnar í samstarfi við viðkomandi þjálfara í hverri íþróttagrein. Skólinn leggur fram á hverri önn fræðslu/fyrirlestra um heilbrigða lífshætti. Nemendum á afreksbraut stendur til boða nám sem tengist þjálfunar- og lífeðlisfræði.

Á vorönn 2010 hófst kennsla í þessum áfanga sem tilraunaverkefni og völdu 10 nemendur afreksíþróttir þessa fyrstu önn. Árangurinn varð mjög góður og var því ákveðið að halda áfram og gerður var formlegur samningur við Völsung um framkvæmdina. Jafnframt var sótt um styrk í Forvarnarsjóðinn og fékk verkefnið góðan styrk sem hefur komið að góðum notum við framkvæmd verkefnisins. Menningarsjóður KEA styrkti þetta verkefni sömuleiðis.

Á haustönn 2011 hófu samtals 28 iðkendur/nemendur nám í afrekssviðinu en þetta voru að mestum hluta nýnemar.

Farið var í mjög skemmtilega æfingarferð haustið 2010 til Vals í Reykjavík þar sem við fengum frábærar móttökur sem samanstóð af



Þorlákur Árnason hélt fyrirlestur fyrir nemendur í sal Framsýnar.

æfingum og ýmiskonar fræðslu sem miðuð var að afreksíþróttum. Dvaldi hópurinn í þrjá daga hjá Val. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari í knattspyrnu kom í heimsókn í nóvember sama ár og var með æfingar og fyrirlestur.

Frá upphafi hafa flestir iðkendur komið úr knattspyrnu. Í vetur hafa bæst við iðkendur úr fimleikum, handbolta og frjálsum íþróttum. Námið er í boði fyrir allar íþróttagreinar innan Völsungs með þeim skilyrðum sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

Frá upphafi hafa þeir Ingólfur Freysson íþróttakennari FSH og Jóhann Kristinn Gunnarsson knattspyrnuþjálfari Völsungs leitt og stjórnað þessu verkefnið. Þetta samstarf hefur gengið afar vel og er ákveðið að halda þessu verkefni áfram og þróa enn frekar. Það er eindreginn vilji stjórnenda FSH og stjórnar félagsins að byggja þetta verkefni enn frekar upp og efla eins og kostur er. Fram hefur komið að framhaldsskólinn telur mikilvægt að geta komið til móts við þá nemendur sem vilja stunda íþrótt sína markvisst og skipulega samhliða því að iðka nám sitt að fullum krafti. Það er ljóst að það er hagur bæði fyrir Framhaldsskólann á Húsavík og Völsung, að geta boðið unga fólkinu upp á þetta tækifæri, því að öðrum kosti færu þessir íþróttaiðkendur burtu þar sem skilyrði og aðstaða er betri til að sinna áhugamálunum. Því skiptir máli að góð aðstaða sé fyrir hendi til að missa ekki þetta unga fólk frá okkur.

Óska viðskiptavinum mínum og öðrum Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þakka viðskiptin á árinu sem er að líða.

Hárgreiðslustofa
Huldu Jóns
Skálabrekku 11 - S. 464 1885



Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

EG Tölvu- og rafmagnsverkstæði
Jónasson
Löggiltur rafverktaki

Húsvíkingar - Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gönguskiði 2011

Gönguskiði

Það er óhætt að segja að gönguskiðin er sú íþrótt sem hefur verið í hvað mestri uppsveiflu hér á svæðinu. Stór hópur fólks stundar íþróttina orðið reglulega þegar færi gefst til við oft á tíðum mjög góðar aðstæður. Margir hafa unnið ötult sjálfbóðastarf við að bæta aðstöðuna á heidinni auk þess sem mikil vinna hefur verið lögð í að byggja upp barna- og unglíngastarf í félaginu.

Síðasta vetur þjálfaði Þorsteinn Hymer börnin, og voru tvær æfingar í viku. Einnig var ein æfing vikulega fyrir fullorðna og auk þess hélt hann tvö námskeið fyrir fullorðna um veturinn. Mæltist þetta allt mjög vel fyrir og skilaði góðum árangri. Því miður fyrir okkur er Þorsteinn farinn utan í nám og verður því ekki með okkur í vetur, en þegar þetta er skrifað stendur yfir leit að þjálfara til að sjá um börnin í vetur enda nauðsynlegt að halda áfram því uppbyggingarstarfi sem nú þegar er hafið.

Síðasta ár var nafn Völsungs farið að verða nokkuð áberandi á hinum ýmsu gönguskiðamótum. Nokkrir krakkar fóru á Andrésar-Andar leikana í Hlíðarfjalli og stóðu sig mjög vel og var sérstaklega minnst á þá vakningu sem orðin væri á Húsavík í þessari íþrótt.

Eldri iðkendur sóttu líka fjölmargar keppnir, bæði innanlands og utan. Í Íslandsgöngunni varð Örn Sigurðsson þriðji á landsvísu, en um er að ræða sameiginlegan árangur í nokkrum göngum sem fara fram víðsvegar um landið. Auk þess fóru nokkrir keppendur í hina heimskunnu Vasagöngu.

Buch- Orkugangan var haldin í vor að venju og var að miklu leyti í höndum gönguskiðadeildarinnar. Er þetta orðin stór viðburður og fer sífellt stækkanði. Keppendur koma af öllu landinu og er keppt bæði í styttri og lengri vegalengdum, og fyrir alla aldursþópna. Þarna geta allir fundið göngu við sitt hæfi enda er það jú megin tilgangur keppinnar, en auk þess er Orkugangan ein af keppnum Íslandsgöngunnar. Það er markmiðið að bæta enn í þessa göngu og gera hana að stórviðburði hjá okkur, þar sem erlendir þátttakendur og keppendur heimsæki okkur til að ganga um þetta frábæra svæði. Orkugangan hefst við Kröflu og er gengið að Viti, framhjá Þeistareykjum og endað við Húsavík. Á svæðinu á Reykjaheiði eru svo styttri vegalengdirnar gengnar. Þess má geta að yfir 100 manns tóku þátt í keppninni í ár.

Á Reykjaheiði hefur nokkur hópur manna unnið að uppbyggingu göngusvæðis. Eru komnir upp tveir skúrar, annar er geymsla og aðstaða undir skíðin og fylgibúnað. Hinn skúrin er svo með vatnssalerni og rafhitun (díselrafstöð) og hugsanlega verður komið upp smá kaffiaðstöðu til að borða nesti og fara yfir stöðuna, eins og nauðsynlegt er. Þá hefur vegurinn upp eftir verið lagfærður frá því í fyrra og eru allir hvattir til að nýta sér aðstöðuna og prófa þetta stórskemmtilega og holla sport. Þetta er ekkert nema gaman!



Völsungar á verðlaunaafhendingu á Andrésar-andar leikunum



Helgi og Ásgeir Kristjánssynir í Svíþjóð á Vasagöngunni

Gleðileg jól.



Óskum Völsungum
og Húsvíkingum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir árið sem er að líða



Trésmiðjan Rein ehf

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



SJÓVÁ



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.

LYFJA
Lifið Heil



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holl.ehf@slmnet.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Sund 2011

Sundárið 2011.

Sundstarfið hefur verið með hefðbundnu sniði þetta árið.

Sundmótið sem var keppt á eru:

Páskamót á Húsavík 14. apríl.

Lionsmót Ránar á Dalvík 14. maí.

17. júnímót á Húsavík og var uppskeruhátíð haldin eftir mótið.

Unglingalandsmót á Egilstöðum 29. – 31. júlí.

Í lok júlí fóru fjórar stelpur ásamt þjálfara og fararstjóra til Álaborgar í boði bæjarins til að taka þátt í Álaborgarleikunum. Ferðin tókst afar vel í alla staði og það var mikil upplifun fyrir stelpurnar að taka þátt í svo stóru móti. Góð stemmning skapaðist í skólanum þar sem við gistum og deildum stofu með þýska liðinu. Tungumálaerfiðleikar eru til að mynda greinilega ekki vandamál þegar unglingar frá ýmsum löndum lenda í vatnsslag. Það voru



Valdís Józefsdóttir og Starkaður Snær Hlynsson.

svo þreyttar en glaðar stúlkur sem komu heim eftir þessa viku ævintýraferð með eitt gull, eitt silfur og eitt brons í farteskinu.

Okkur var boðið á Hrafnagil helgina 4.-6. febrúar á æfingabúðir hjá sundfélaginu Samherja í Eyjafirði og endurtókum við þann leik helgina 14.-16. október á Laugum. Þá héldum við æfingabúðir fyrir okkar börn og buðum Samherja að koma og vera með, þarna hittust um 55 börn æfðu sund og skemmtu sér saman, óhætt er að segja frá því að á Laugum er frábær aðstaða til að hittast í hverskonar æfingabúðir og var afar vel tekið á móti okkur þar.

Héraðsmótið í sundi var haldið 8. október, keppendur komu frá Völsungum, Eflingu og Geisla. Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Valdís Józefsdóttir frá Völsungum, og stigahæstur í karlaflokki var Starkaður Snær Hlynsson frá Eflingu.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið fór fram á Húsavík 26. október, þar mættu börnin, borðuðu saman pizzu og skemmtu sér saman.

Sundmaður Völsungum var valin Valdís Józefsdóttir og var hún einnig valin sundmaður HSP.

Æfingar eru á Laugum tvisvar í viku og sér Snæfríður Arnardóttir um æfingarnar þar og æfa 13 börn frá Eflingu og Geisla og koma Völsungar með þeim á æfingar einu sinni í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík eru Valdís Józefsdóttir og Valgerður Józefsdóttir. Á Húsavík æfa um 30 börn, og má geta þess að í yngri hópnum æfa nú 23 börn og er því mikið fjör og gaman tvisvar í viku þegar þessi hópur æfir og ljóst er að sundlaugin annar vart fleiri börnum á æfingu í einu og að þörfin fyrir stærri sundlaug er mikil.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Fyrir hönd Sunddeildar Völsungum og Sundráðs HSP
Elisabet Sigurðardóttir.

Óskum öllum
Völsungum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum samskiptin
á liðnu ári.



Örkin
GATNÉFSTRAUÐ 50
HÚSAVÍK

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



pwc

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Fiskeldið á Haukamýri ehf

Heimabakarí óskar
Völsungum sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla





Jóla kvæðja

*Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

*Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingið*

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum
og landsmönnum öllum
bjartrar framtíðar,
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



NORÐURÞING



Íþróttaskóli og Hreyfingaskóli **Völsungs**

Hreyfingaskóli Völsungs

Hreyfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í skólann og eru þar í 60 min. Nú er skólinn í boði fyrir 1.-2. bekk. Um 25 börn eru skráð á haustönninni.

Það hefur verið mikið fjör í tímunum hjá okkur og vonum við að krakkarnir hafi gaman að þessu og haldi áfram að taka þátt í Hreyfingaskólanum á meðan hann er í boði fyrir þau. Það er okkar von að þessi skóli sé kominn til að vera og hægt verði að þróa hann enn frekar í samstarfi við Borgarhólsskóla þannig að við getum boðið uppá markvissa og skemmtilega hreyfingu fyrir börn og jafnvel unglinga í framtíðinni.

Kveðja


Unnar Þór og Lilja Björk



Myndir með fréttum úr Íþróttaskóla barnanna.

Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskólinn er starfræktur með sama sniði og síðasta vetur, þ.e.a.s. tveir hópar yngir og eldri barna. Í haust eru skráð 50 börn og er það alveg frábært. Við höfum reynt að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra.



Það er ávallt mikið fjör á laugardögum í íþróttahúsinu þegar börnin mæta á svæðið og fá að hreyfa sig í þessu stóra rými sem í boði er. Þau fá að spreyta sig á ýmsum æfingum og þrautum sem alltaf virðast vekja mikinn áhuga og ánægju hjá þeim og ávallt eru börnin jafn þakklát þegar tíminn er búinn. Það eru alltaf mörg brosandi andlit sem mæta okkur á laugardagsmorgnum og vonum við að svo verði áfram þegar Íþróttaskólinn hefst að nýju eftir jólafrí.

Bestu kveðjur

Unnar, Helga og Ruth



KEA

síðan 1886

*Óskum Völsungum og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári*

Frá Blakdeild Völsungs 2011

Starfsemi blakdeildar Völsungs var með líflegasta móti á líðandi ári. Síðustu ár hefur fjöldi iðkenda verið nokkuð svipaður, um 20 konur hafa æft og keppt undir merkjum Völsungs og eitt karlalið. Nokkur sprenging varð í flokki byrjenda (fullorðins) en um 20 konur æfðu í svokölluðum byrjendahópi á þessu ári. Þá héldum við úti krakkablaki fyrir börn 6 – 11 ára og var þátttaka ágæt.

Þjálfari síðasta vetur var Bjarni Páll Vilhjálmsson og um byrjendablak fullorðinna sá Guðrún Gísladóttir.

Að venju tókum við þátt í nokkrum hraðmótum sem haldin voru á Norðurlandi auk þess sem Völsungur stóð fyrir sínu árlega Nýársmóti fyrstu helgi janúarmánuðar með metþátttöku 29 liða.

Völsungur sendi einnig tvö kvennalið í 2. deild BLÍ og komst A-lið Völsungs, skipað liðsmönnum 40 ára og eldri í úrslit eftir sigur á Norðurlandsriðlinum og endaði í 4. sæti á landsvísu. B-liðið varð í 2. sæti í Norðurlandsriðlinum.

Öldungamóti BLÍ var að þessu sinni haldið í Vestmannaeyjum 5. – 8. maí og var mikill spenningur í blakfólki fyrir ferðalaginu og hvort Landeyjarhöfn yrði opnuð í tíma. Blakfólk á Norðurlandi ferðaðist saman í fimm rútum og okkur til mikillar gleði tókst að opna Landeyjarhöfn degi fyrir mót. Mikill áhugi er fyrir öldungablaki á landinu öllu og nú voru keppendur alls um 900 í 122 liðum sem skiptust í 38 karlalið og 84 kvennalið. Keppt er í 6 karladeildum og 12 kvennadeildum.

Þróttur í Reykjavík hafði umsjón með mótinu í Eyjum og stóðu sig með miklum sóma.

Á Öldungamóti BLÍ voru 6 lið frá Völsungi. Eitt karlalið sem spilar í 2. deild karla og að þessu sinni mættu fimm kvennalið frá Völsungi sem spiluðu í 1., 4., 5., 10., og 11. deild kvenna.

Bestum árangri Völsungs náði Völsungur B en þær sigruðu 4. deildina með yfirburðum, unnu 11-1 og munu því spila í 3ju deild að ári. Völsungur A féll í 2. deild og Völsungur E í 12. deild. Önnur Völsungslíð héldu deildarsætum sínum.

Í sumar var sett upp blaknet í Suðurfjöru og þegar vel viðraði mætti hópur fólks og spilaði blak. Við stóðum fyrir „Strandblaksmóti“ á Mærudögum í sumar. Góð þátttaka var en spilað er í 3ja manna liðum og stóð mótið yfir í 3 daga og úrslitaleikir spilaðir á laugardegi. Sigurvegarar voru lið Feðganna – Svenni Hreins, Bjarki og Daniel- og í 2. sæti voru FIX stelpurnar frá Akureyri.

Í haust hófst starfið af krafti, kvennalið Völsungs hafa þegar tekið þátt í tveimur hraðmótum og eru með tvö lið í Norðurlandsmótinu. Karlaliðið hefur æfingar í janúar og við hvetjum byrjendur og alla áhugasama til að mæta.

Í haust hófust einnig æfingar í flokki unglunga en iðkendur eru 13 – 17 ára gamlir og við hvetjum alla unglunga til að kynna sér skemmtilega íþrótt. Við vonumst til að þau muni einnig taka þátt í Nýársmótinu okkar. Norðursigling styrkti unglungadeildina myndarlega með fjárstuðningi og kunnum við þeim bestu þakki fyrir. Æfingar eru á miðvikudögum og sunnudögum.

Þjálfari blakdeildar er Olga Siminyakina íþróttakennari á Stórutjörnum og um byrjendablak fullorðinna sér Guðrún Gísladóttir.

Nýársmót Völsungs verður haldið 6. og 7. janúar 2012 og við bjóðum alla bæjarbúa velkomna í Íþróttahöllina til að fylgjast með skemmtilegu blaki og miklum tilþrífum.



Frá öldungamóti í Vestmannaeyjum.

Við sendum Völsungum og öðrum bæjarbúum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur.

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.



Garðvík ehf.
ALHLÍDA SKRÚDGAÐARÞJÓNUSTA
KRINGLUMÝRI 2 • 640 HÚSAVÍK
SÍMAR 898 8389 & 464 1400

Óskum viðskiptavinum
okkar og Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi
ári með þökk fyrir árið
sem er að líða.



VERMIR s.f.
Pípulagnir

Pingeyingar!

Óskum ykkur gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.



Þökkum liðið ár.

Galti ehf



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.



metro
hárstofa



**Snúrtistofan
HILMA**
Sími: 464 1837

SJÚKRANUDDSTOFA ÖNNU DÓRU OG GRÉTU

Jólapistill

Skíðadeildar Völsungs 2011

Þá er enn eitt snjólétta árið að líða. Ekki hefur verið hægt að æfa skíði í brekkunum okkar þetta árið og því var æft eins og fyrri ár á skíðasvæðinu í Kröflu með Mývetningi. Tveir iðkendur voru hjá Völsungi þennan vetur, en um 20 krakkar æfðu á vegum Mývetnings, flest úr Mývatnssveit. Æfingar voru fjórum sinnum í viku og þjálfarar voru Stefán Gunnarsson, Eyrún Björnsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson. Æfingadagar voru rétt um 50 þrátt fyrir rýsjótt veðurfar. Gekk það samstarf afar vel og var mjög gaman með Mývetningunum og þökkum við þeim kærlega fyrir veturinn.

Yngri krökkunum var boðin þátttaka í tveimur Austfjarðarmótum, í Oddskarði og Stafdal. Fórum við með þeim á þessi mót og gekk



Fannar í braut.

okkar manni mjög vel. Árangur skíðakrakkanna var mjög góður og bættust bikarar og verðlaunapeningar í safnið hjá mörgum þeirra.

Skíðavertíðinni lýkur hjá flestum með Andrésar Andarleikunum sem eru haldnir á Akureyri í apríl ár hvert. Að þessu sinni fór Mývetningur/Völsungur með 15 keppendur á mótíð og var mikil gleði á leikunum. Ekki spillti svo fyrir að 9 sinnum voru skíðakrakkarnir okkar á verðlaunapalli og eignaðist Mývetningur Andrésarmeistara þetta árið. Það hefur vissulega verið tekið eftir því hvað skíðakrakkarnir í Mývetningi/Völsungi standa sig vel á landsvísu, þrátt fyrir að hafa bara þessa stuttu brekku í Kröflu. En hér sannast máltækið að "æfingin skapar meistarann". Ekki má nú gleyma þætti foreldra í heildarmyndinni því skíðasvæðið er eingöngu starfrækt með sjálfboðavinnu foreldra. eru þeir einstaklega duglegir að mæta og fylgja krökkum sínum eftir á æfingar svo og í keppnisferðum.

Langar mig að benda Völsungum á að öllum krökkum úr nærsveitunum er velkomið að sækja skíðaæfingar Mývetnings.

Einn keppandi frá Völsungi tók þátt í bikarmótum og Skíðamóti Íslands sem fór fram í Bláfjöllum þetta árið. Gekk honum ágætlega á þessum mótum þrátt fyrir litla æfingu.

Engin Héraðsmót voru haldin þennan veturinn.

Við enduðum svo skíðavertíðina á að fara á Guffa leikana í Mývatnssveit, þar sem keppendur mega keppa í grímubúningum, bæði börn og fullorðnir. Alltaf jafn gaman á Guffa og gott að enda vertíðina á svona fjöregu og skemmtilegu móti.

Skíðadeildin óskar öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs,

Sæunn Helga Björnsdóttir



Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF ehf.

Framtíðarreikningur er gjöf sem vex



HVÍTA HÚSB / SÍA - 11-2544



Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir flottur Georgsbolur.

Þú færð Framtíðarreikning í næsta útibúi Íslandsbanka.



Knattspyrnuárið 2011 fór ágætlega af stað. Reyndar létu hagstæð úrslit hjá karlaliðinu á sér standa í Soccerademótinu en bæði lið spiluðu vel í Lengjubikarnum sem fylgdi í kjölfarið. Töluverðrar bjartsýni gætti því hjá

MEISTARA-FLOKKAR VÖLSUNGS

640.is

eftir baráttusigur í framlengdum

og Hvatar og stelpurnar komust áfram, einnig eftir sigur á Sauðkrækningum. Strákarnir komust áfram í bikarnum leik gegn sameinuðu liði Tindastóls og Íslandsmót hófust. Strákarnir fengu svo það spennandi verkefni að glíma við Íslandsmeistara Breiðabliks í næstu umferð. Gerðu okkar menn góða ferð í Kópavoginn og voru sínu félagi til sóma. Lyktaði leiknum með sigri Blika, 2-1, en er það mat þar til gerðra sérfræðinga að það hefði allt eins verið sanngjarnt ef úrslitin hefðu verið á hinn veginn. Stelpurnar drógust gegn geysisterku liði ÍBV sem þá var taplaust og ekki búið að fá á sig mark í Íslandsmótinu. Þrátt fyrir að leiknum hafi lyktað með 4-0 sigri Eyjastúlkna var gerður góður rómur að leik okkar stúlkna og þær reynslunni ríkari. Í Íslandsmótinu skiptust á skin og skúrir hjá báðum liðum. Stelpurnar höfnuðu að lokum í 4. sæti síns riðils og komust því ekki í úrslitakeppnina að þessu sinni. Þrátt fyrir það áttu þær t.a.m. mjög góða leiki hér heima gegn Selfossi og Haukum, liðunum sem urðu efst í riðlinum. Þrátt fyrir að báðir leikir hafi tapast, með minnsta mun, sýndu okkar stúlkur virkilega hvað í þeim býr. Unnar Þór Garðarsson mun halda áfram sem þjálfari kvennaliðsins á næsta tímabili

og alveg ljóst að ef áfram verður vel haldið utan um þennan hóp mun árangurinn ekki láta á sér standa. Strákarnir byrjuðu vel, á sigri hér heima í fyrsta leik. Fljótlega varð þó ljóst að útivallargrylan ætlaði að ferðast með liðinu í flesta útileiki og uppskeran þegar spilað var að heiman allt of rýr. Lengi vel átti liðið, þrátt fyrir þetta, góða möguleika á að enda ofarlega í deildinni þar sem að liðin skiptu stigunum nokkuð bróðurlega á milli sín framan af. Eitthvað var það þó sem gerði það að verkum að okkar menn sýndu of sjaldan sínar bestu hliðar og niðurstaðan að þessu sinni tíunda sæti. Það verður þó ekki hjá því komist að minnast á stórbrotna skemmtun þeirra í síðasta heimaleik tímabilsins gegn sterku liði Dalvíkur/Reynis sem á þeim tímamarki átti góða möguleika á að fara



640.is

upp. Ekki fólst skemmtunin þó í því að koma í veg fyrir að grannar okkar færu upp heldur stórbrotinni spilamennsku og sjö mörkum hverju öðru glæsilegra. Það sama á við um lið strákanna og kvennaliðið, framtíðin er björt. Dragan Stojanovic hefur verið ráðinn þjálfari og mun hann stýra liðinu næstu tvö árin. Dragan tekur við liðinu af Jóhanni Kristni Gunnarssyni sem þjálfað hefur liðið undanfarin þrjú ár. Jóhanni Kristni eru þökkud vel unnin og óeingjörn störf fyrir félagið. Það er þó algjörlega í okkar höndum, þeirra sem standa á hliðarlínunni, hvað verður. Ekkert lið nær árangri ef umgjörðin er ekki vel úr garði gerð. Nú hefur nýtt og ferskt fólk tekið til starfa fyrir hönd meistaraflokka félagsins og knattspyrnuráð loks fjölskipað. Á móti kemur að rekstrarumhverfið er allt miklu erfiðara og við þurfum því öll að stíga fram og leggjast á áramnar. Að starfa fyrir félagið okkar á að vera gefandi og gaman og sú stemning myndast þegar allir taka þátt og við finnum að þetta er ábyrgð okkar allra en ekki bara nokkurra manna í stjórn.

Knattspyrnuráð óskar félagsmönnum öllum gleðilegra jóla, árs og friðar.



640.is



640.is



640.is



640.is

Myndaveisla í boði 640.is



Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Óskum Húsvíkingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum liðin ár.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Reiðskólinn í Saltvík óskar reiðskólanemendum velunnurum og öllum Húsvíkingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Hittumst hress í nýrri reiðhöll á næsta ári:)



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



SBA-NORÐURLEIÐ

www.sba.is
sba@sba.is

AKUREYRI
☎ 5 500 700



Traustur ferðafélagi!

Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Frjá Handknattleiksráði

Handboltinn í sókn á Húsavík!

Handknattleiksiðkun á Húsavík hefur farið töluvert vaxandi síðustu misseri. Á árinu 2011 hélt stígandi áfram frá fyrra ári og fjölgaði iðkendum í yngri flokkum nokkuð að hausti.

Í yngri flokkum eru nú í árslok 2011 starfræktir 4., 5. og 6./7. flokkar drengja. Mikil áhersla hefur veirið lögð á að koma af stað stelpnaflokkum í handbolta, en um árabíl hefur ekki náðst að manna þá flokka. Í haust var þó farið af stað með stelpnaflokka og auglýstir æfingatímar. Raunin varð að stelpur úr 5. og 6. flokk deila tímum með strákuum, en halda þó eigin þjálfara.

Áfram var lögð mikil áhersla á að fá menntað og/eða reynslumikið fullorðið fólk til að sjá um þjálfun. Þessi stefna bar góðan árangur á liðnum vetri þegar Jóhann Pálsson fékkst til að þjálfa sjálfur og leiða jafnframt þjálfun yngri flokka í handboltanum. Jóhann þjálfar þannig haustið 2011 bæði 6./7. flokk og 5. flokk. Honum til aðstoðar eru þau Aðalbjörn og Helga, börn Jóhanns. Þá sér Þór Stefánsson um þjálfun stelpnanna og vinnur með Jóhanni í sameiginlegum tímum flokkanna.

Fjórði flokkur pílta er í höndum Vilhjálms Sigmundssonar, og hefur sá flokkur tekið þátt í Íslandsmóti á fullri ferð nú í haust með mjög góðum árangri. Þátttaka hefur verið mikil og árangur góður það sem af er. Gaman er að segja frá því að einn 4. flokkspilta var nú á haustmánuðum valinn í landsliðsúrtaf U-16 hjá HSÍ, en það reyndist mikil hvatning fyrir bæði hann og félag hans í 4. flokk.

Handknattleiksráð er sérstaklega ánæggt með þetta öfluga þjálfarateymi. Þátttaka í yngri flokkum hefur farið vaxandi á árinu og eru iðkendur nokkru fleiri á haustmisseri en voru í á liðnu ári. En betur má ef duga skal og verður sérstaklega horft til stelpnanna á komandi ári.

Meistaraflokkur karla hélst áfram nú á haustmánuðum eftir að hafa farið af stað í utandeild haustið 2010. Áfram hefur verið æft og spilað í utandeild HSÍ nú í haust og árangur verið allgóður. Þjálfari meistaraflokks er Vilhjálmur Sigmundsson, sem einnig þjálfar 4. flokk eins og fyrr er getið.



Yngstu handbolta iðkendur Völsungs á æfingu. Mynd. JS



Jóhann Rúnar Pálsson.
Mynd: Hafþór Hreiðarsson

Að byggja upp öflugt handboltastarf með fjölda iðkenda, virkum meistaraflokki/-um og faglegu starfi er langhlaup en ekki spretthlaup í ekki stærra samfélagi en okkar. Kraftmiklum og nægilega fjölmennum liðum í hópiþróttum verður ekki komið upp á einu ári. En handknattleiksráð hefur töluverða þolinmæði og stefnir ótrautt á öflugt og líflégt handboltastarf yngri flokka á næstu misserum. Það er okkar von að innan Völsungs muni á næstu árum þróast nán samvinna milli deilda/greina, bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum. Þannig verði börn og unglingar hvött til að taka þátt í fleiri en einni íþróttagrein hjá sínu íþróttafélagi. Þjálfun, keppni og iðkun þarf að tvinnast saman milli greina þannig að ánægja og árangur verði sem mest fyrir allar greinar. Við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti samfélagsins og gera iðkendum, bæði börnum og fullorðnum, kleift að vera virkir þátttakendur. Með því næst árangur í viðum skilningi þess orðs.

**Með bestu kveðju,
Handknattleiksráð 2011-2012:
Páll Kristjánsson, Óli Halldórsson, Ingvar Erlingsson,
Lúðvík Kristinsson**



Jóhann Rúnar Pálsson.
Mynd: Hafþór Hreiðarsson



Jólafréttir

Reykfiskur ehf. Húsavík óskar starfsfólki sínu
og fjölskyldum þeirra, sem og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

Reykfiskur ehf.

Húsavík.

Bocciadeild Völsungs 20 ára



Árið 2011 var gott og ánægjulegt hjá Bocciadeildinni.

Þá er enn að ljúka einu starfsárinu hjá Bocciadeild Völsungs og því holt að rifja upp það helsta úr starfi deildarinnar á liðnu ári, en Bocciadeild ÍFV var stofnuð 24. mars 1990.

Bocciadeildin er ein sú minnsta innan Völsungs en engu að síður er starfið mjög öflugt og gengur vel. Skráðir félagar eru milli 40 og 50, af þeim eru virkir félagar sem stunda æfingar og keppni á vegum deildarinnar hátt í 30. Er það í flokki fatlaðra og U-flokki (eldri borgarar).

Æfingar hafa verið með hefðbundnu sniði, það er æft að jafnaði tvö kvöld í viku í flokki fatlaðra, en aldraðir æfa á daginn einnig tvisvar í viku. Þáttaka í báðum flokkum áþekk og áður. Stjórnin kemur að þjálfun og skipulagningu, en aðal þjálfari þetta árið hefur verið Anna María Þórðardóttir. Á æfingar hjá deildinni mæta eins og áður einstaklingar úr nágrenninu, nú úr Öxarfirði, Reykjahverfi, Reykjadal og Bárðardal.

Starfsemin hefur verið þetta árið að mörgu leyti með líku sniði og áður hvað varðaði æfingar, félagsstarf og þátttöku á mótum. Félagar úr Bocciadeild Völsungs hafa mætt á öll mót sem verið hafa í boði innanlands þetta árið þ.e. Opna Húsavíkurmótið í febrúar, Ísl.mótið í einstaklingskeppni í Hafnarfirði í mars, Hængsmótið á Akureyri í lok apríl, Íslandsmótið í liðakeppni í Vestmanneyjum í október og Norðurlandsmótið á Húsavík 5. nóv. s.l. Mæting og árangur á öllum þessum mótum var góður og að venju hin besta skemmtun og eflir mikið félagsandann.

Á opna Húsavíkurmótinu í febrúar var íþróttafólki veittar viðurkenningar að venju, Bocciamaður Húsavíkur 2010 var Kristbjörn Óskarsson í eldri flokki og Sylja Helgadóttir í flokki 16 ára og yngri. Þá var afhendur "Hvatningabikar ÍF" sem bocciamaðurinn Lena Kristín Hermannsdóttir frá Lyngbrekku í Reykjadal hlaut að þessu sinni.

Opna Húsavíkurmótið í Boccia er orðinn fastur liður í starfi Bocciadeildar Völsungs með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins. Þátttaka var mjög góð, en til leiks mættu 32 sveitir sem sýnir að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á Bocciadeildinni með þátttöku, en þetta er fjárfestun fyrir deildina í formi firmakeppni.

- Úrslit:
1. sæti Sveit frá Norðlenska, Kjötkarlarnir, Simmi og Gummi
 2. sæti Sveit frá Tésm.Rein ehf, Jóna Rún og Hólmgeir
 3. sæti Sveit frá Lögreglunni, Billi og Deddi
 4. sæti Sveitin "Að eilífu", Olgeir Heiðar og Hannes Rúnars

Þá voru veitt sérstök verðlaun fyrir þá sveit sem var "sérstökust", og "í flottasta búningnum", "með flottasta stílinn", "bestu sveifluna" og "yngsta og elsta keppandann"

Mótið var afar skemmtilegt og tókst í alla staði mjög vel, mikil stemming og spenna. og þurfti oft bráðabana til að útkljá leiki. Í lok mótssins afhenti Bragi Sigurðsson, formaður Bocciadeildar ÍFV. Lindu Baldurssdóttur, formanni Völsungs, áritaðan skjöld frá deildinni sem þakklætisvott fyrir ánægjulegt samstarf til margra ára, en Linda hafði ákveðið að gefi ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku fyrir Íþróttafélagið Völsung.

Næsta mót ársins var svo Íslandsmótið í Boccia – liðakeppni, sem haldið var í Hafnarfirði 26.- 27. mars. Bocciadeild Völsungs sendi að þessu sinni þrjár sveitir til keppni, A, B og C-sveit, A-sveitin keppti í 1.deild, B og C-sveitin í 2. deild. Árangur sveitanna var vel viðunandi þó ekki tækist að landa Íslandsmeistaratitli, en á Ísl.móti er verið að keppa við öll bestu lið landsins. Farið var suður á bíl frá Rúnari Ókarssyni á föstudag og keyrt aftur norður á mánudag, bílstjóri var Bragi formaður, en aðrir fararstjórar voru Kristín Magnúsdóttir og Anna M Þórðardóttir. Tókst ferðin í alla staði vel, gíst var á Hótel Cabin og mótið endaði á veglegu lokahófi.

Þá var komið að Hængsmóti á Akureyri sem var 29.apríl-1.mai, en það er að styrkleika eins og Íslandsmót. Á Hængsmót mættu frá Völsungi 3 vaskar sveitir í flokki fatlaðra og 9 keppendur voru skráðir í einstaklings keppni, en því miður treystu eldri borgarar sér ekki á mótið að þessu sinni. Árangur okkar fólks var góður og komust sveitir og einstaklingar frá okkur áfram í úrslit þó enginn næði á verðlaunapall. Að venju var gíst að Lónsá, og ferðast á einkabílum.

Íslandsmót í Boccia einstaklingskeppni var svo haldið í Vestmanneyjum, dagana 2.- 3. október. Frá Völsungi mættu 10 keppendur, og áttum við keppendur í 1-6 deild. Árangur okkar fólks var góður. Okkar maður Dagur Már Jóhannesson vann 6. deildina og Kristbjörn Óskarsson náði bronsi í 1.deild og aðeins einum bolta frá Ísl. meistaratitli. Keyrt var suður á föstudag á rútu frá Rúnari Ókarssyni og heim aftur á mánudag og með Herjólfri milli lands og eyja. Bílstjóri eins og oftast áður Bragi Sigurðsson formaður, en þetta fyrirkomulag með ómetanlegum stuðningi frá fyrirtækinu Fjallasýn og Rúnari Ókarssyni gerir okkur fært að fara í slík keppnisferðalög. Þetta var keppnisferð ársins og allir skemmtu sér vel.

Lokamót 2011 var svo árlegt Norðurlandsmót Boccia 5.nóvember s.l. sem haldið var að þessu sinni hér á Húsavík í Íþróttahöllinni og mættu rúmlega hundrað keppendur til leiks. Komu þeir frá fimm félögum héðan af norðurlandinu og þá mætti Viljinn frá Seyðisfirði með þrjú lið sem kepptu sem gestir. Og stóð eitt þeirra uppi sem sigurvegari í einum flokki. Keppt var í þremur flokkum, almennum fötlunarflokki, fötlunarflokki BC-1 og í Opnum flokki. Völsungar voru með fimm lið í almennum fötlunarflokki. Varð C-sveit Völsungs Norðurlandsmeistari, en í henni voru þeir Vilberg Lindi Sigmundsson og Ásgrímur Sigurðarson, í 2. sæti varð A-sveit



Félagar í Bocciadeild Völsungs í Vestmanneyjum í október síðastliðnum.



Kiwanisklúbburinn Skjálfandi er traustur bakjarl Bocciadeildar Völsungs.

firmakeppni, jólakortasölu, hangikjötsölu og afla styrkja hjá fyrirtækjum og velunnurum.

Stjórn Bocciadeildar ÍFV hefur verið að mestu óbreytt frá stofnun undir traustri stjórn formanns Braga Sigurðssonar, og dyggrir aðstoð stjórnarmannanna Kristínar Magnúsdóttur, Egils Olgeirssonar og Önnu M Þórðardóttur sem einnig er þjálfari þetta árið. Allt frá stofnun deildarinnar hefur Kiwanisklúbburinn Skjálfandi verið traustur bakjarl, veitt deildinni fjárhagslegan stuðning, komið að þjálfun og aðstoðað við mót, eins var þetta árið og er þessi stuðningur deildinni og íþróttafólkinu ómetanlegur. Bocciadeild Völsungs vill um leið og þakkað er fyrir liðið ár og ánægjulegt samstarf koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu ári.

Völsungs, þeir félagarnir Olgeir Egilsson og Kristbjörn Óskarsson og í 3. sæti varð sveit frá Eik á Akureyri.

Í opnum flokki voru þrjú lið frá Völsungi og náðu þær systur Þorgerður Björg og Anna María Þórðardætur 2. sætinu og þær stóllur Þóra Sigmundsdóttir og Guðrún Þorgrímsdóttir 3. sætinu en sveit frá Siglufirði varð í fyrsta sæti.

Frábær árangur hjá Völsungi. Kiwanisklúbburinn Skjálfandi kom að mótinu og sá um alla dómgæslu eins og alltaf áður hjá deildinni. Að venju var svo lokahóf að móti loknu þar sem allir skemmtu sér hið besta en félagarnir úr SOS héldu uppi stuðinu frameftir kvöldi. Sem sagt frábært mót í Íþróttahöllinni sem tókst með ágætum og Bocciadeild ÍFV til mikils sóma.

Gott starf hefur verið hjá Boccia-deildinni á árinu, verkefnið svipuð og fyrri ár. Starfið hefur gengur að öllu leyti mjög vel fyrir sig hvort sem um er að ræða æfingar, ferðir á mót, eða innra félagsstarf og fjáraflanir, enda valinn maður í hverju plássí. Árangur góður og andinn í hópnum frábær og markmiðið að sjálfsögðu að gera enn betur á næsta ári.

Fjárhagur deildarinnar er traustur, félagsmenn hafa verið iðnir við að afla deildinni tekna með ýmsum fjáröflunum s.s.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár
Þess óskar Bocciadeild ÍFV
des.2011/Egill Olgeirsson**

Jólaannáll Siglingaklúbbs Völsungs

Þá er fjórða sumar Siglingadeildar Völsungs liðið. Í vor fengum við gefins lítið hús frá Landsvirkjun sem búið er að koma fyrir í fjörunni. Var þetta stórt skref í uppbyggingu deildarinnar og fyrsti áfanginn í að koma upp smá aðstöðu fyrir siglingar á Húsavík. Einnig var ákveðið að kaupa einn bát til viðbótar við þá 5 sem við áttum, sem hentar 12 ára og eldri siglurum og er verið að fara á fullt við að reyna að fjármagna þau kaup. Einnig fengum við lánaðan eins bát frá Siglingasambandi Íslands og því erum við orðin ágætlega sett með báta. Með kaupum á svona bát vonumst við til að deildin styrkist og eflist og fleiri krakkar komi og verði með.

Haldið var eitt vikunámskeið í sumar. Leiðbeinandi kom frá Siglingaklúbbnum Nökkva á Akureyri. Góð þátttaka var á námskeiðið, þó ekki eins góð og undanfarin ár.

Siglingasamband Íslands var svo með æfingabúðir hér á Húsavík sem stóðu yfir í vikutíma og settu flottan svip á vikina. Það voru Siglingadeild Völsungs og Siglingaklúbburinn Nökkvi á Akureyri sem héldu utan um æfingabúðirnar en þjálfunin var í samvinnu við þjálfara annarra siglingafélaga. Þá kom einn þjálfari frá Englandi. Æfingabúðirnar sóttu um 50 krakkar á öllum aldri, 12-50, ára, og komu þau frá flestum siglingafélögum landsins.

Tókust siglingabúðirnar mjög vel. Og siglarnir voru mjög ánægðir með svæðið sem við höfum hér á Húsavík og þá lék veðrið við okkur. Þeir komust í góðan vind og finar öldur á flóanum sem þeir fá ekki á sínum svæðum. Æft var alla daga og enduðu búðirnar með keppni og sýningu á föstudeginum auk þess sem farið var í skemmtisiglingu á laugardeginum.

Að lokum viljum við þakka öllum sem hafa staðið í þessu með okkur fyrir hjálpina og þökkum krökkunum kærlega fyrir samveruna og skemmtilegar stundir í fjörunni.



Upphitun í fjörunni, mörgæsarhlaupið alveg frábært.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi árum.

**Siglingaklúbbur Völsungs,
Sæunn Helga Björnsdóttir**

Óskum Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs,
þökkum viðskiptin
á árinu.



Óskum öllum
Húsvíkingingum
gleðilegra jóla.
Þökkum viðtökurnar
síðasta sumar
Opnum aftur
með hækandi sól



Sparisjóðurinn óskar
viðskiptavinum sínum
sem og öllum Þingeyingum
gleðilegra jóla og farsæls komandi
árs með þökk fyrir viðskiptin á
árinu.



Jólakveðja frá fimleikadeildinni

Fimleikadeildin 25 ára.

Fimleikadeildin er í vetur að hefja sitt 25. starfsár, en undirrituð byrjaði með námskeið í íþróttasalnum í Borgarhólsskóla vorið 1987. Þátttakan var mjög góð og var ákveðið að stofna deild og byrja með fasta tíma í fimleikum um haustið þegar Höllin tæki til starfa. Mikill fjöldi krakka, þá aðallega stelpur, lögðu stund á fimleika og gekk það vonum framfar þó svo að ég væri eini þjálfarinn. Elstu stelpurnar fóru síðan að aðstoða og hjálpa hver annarri en Hrefna Regína Gunnarsdóttir aðstoðaði mig í mörg ár og fór með mér í nokkrar keppnisferðir.

Margir hafa komið að þjálfun fimleikanna og má þar nefna Árnýju Björnsdóttur en hún bar hitann og þungann af þjálfuninni í mörg ár. Einnig hafa séð um þjálfun þær Ólafía Jónasdóttir, Guðrún Einarsdóttir, Rebekka Ásgeirsdóttir, Bergljót Friðbjarnardóttir, Ásrún Ásmundsdóttir, Halldóra Magnúsdóttir, Sædís Rán Ægisdóttir, Harpa Hrönn Björnsdóttir, Aðalgeir Sigurðsson, Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir og einnig hjálpaði dóttir mín hún Katrín Ingólfssdóttir mér mjög oft. Ég gleymi örugglega einhverjum en vona að þeir fyrirgefi mér það.

Árið 1989 stofnaði ég íþróttaskóla innan fimleikanna og var hann einu sinni í viku fyrir yngstu iðkendurnar á miðvikudögum til að byrja með en síðan fór hann yfir á laugardaga og er þar enn í dag. Ingólfur Freysson og Jóna Björg Freysdóttir hjálpuðu mér með þennan þátt hjá fimleikadeildinni.

Það var mikill hugur í okkur í deildinni og það voru keyptir búningar, haldnar sýningar og innanfélagsmót til að byrja með. Ekki leið á löngu þar til við fórum að keppa við önnur félög á svipuðum grunni og við. Mótin sem við byrjuðum að fara á hétu Skrufumót F.S.Í og var keppt í ákveðnum þrepum í dansi, dýnuæfingum og trampólínstökkum. Þessi mót heita í dag „Almennir fimleikar“.

Árið 1990 var ákveðið að taka þátt í keppni í fimleikum á Landsmóti í Mosfellsbæ. Þetta var að mig minnir í fyrsta skiptið sem keppt var í fimleikum á Landsmóti. Þetta var keppni í hópfimleikum en þá var F.S.Í að kynna hópfimleika sem nýja grein innan fimleikanna. Við byrjuðum á að fara í æfingabúðir hjá Gerplu og vorum þar í fimm daga eða fram að Landsmóti. Þetta var mjög skemmtileg og viðburðarík ferð þar sem gerði brjáláð veður, tjöldin fuku ofan af okkur og við enduðum inni í skólafestu ásamt mörgum keppendum. Fimleikafélagið Björk kom í heimsókn til okkar árið 1991 ásamt þjálfara sínum Hlín Árnadóttur en hún var einmitt minn þjálfari þegar að ég æfði fimleika hjá Björkunum í Hafnarfirði. Hlín starfar enn við þjálfun hjá Björkunum.

Fyrsta mótið sem við fórum á var haldið í Laugardalshöllinni í mars 1993. Þangað fóru Eyrún Gígja Káradóttir, Anna Karín Jónsdóttir, Helga Björg Pálmadóttir og Heiður Vigfúsdóttir. Heiður vann gullverðlaun fyrir trampólín og voru það fyrstu gullverðlaun Völsungs í fimleikum á mótum á vegum F.S.Í.

Síðan hafa margar stelpur náð þeim árangri að fá verðlaun á mótum á vegum F.S.Í. Það yrði of langt mál að telja þær allar upp. Við höfum verið í samstarfi við Egilsstaði og farið þangað til þess að keppa. Einnig fórum við til Akureyrar til þess að æfa í þeirri frábæru aðstöðu sem Akureyringarnir eru komnir með.

Þessi ár hafa verið mjög skemmtileg þótt gengið hafi á ýmsu í gegnum árin. Stundum hefur gengið vel að fá þjálfara og stundum illa og hef ég þá gripið inni til þess að reyna að halda þessu gangandi. Nokkrum sinnum hefur það staðið tæpt að deildin legðist af en með mikilli þrautsegju hefur þetta allt gengið og er starfið mjög öflugt í dag.

Sylvía Dögg Ástþórsdóttir fór til Ollerup og lærði fimleikabjálfun og sér um þjálfun fimleikanna í dag ásamt Sigrúnu Lilju Sigurgeirsdóttur, Elmu Rún, Jónínu Rún, Magneu Ósk, Sigrúnu Lilju Sigurðardóttur, Halldóru Björgu, Huld og Guðrúnu. Starfið gengur mjög vel og er stefnan sett á æfingaferð til Ollerup í ágúst á næsta ári með elstu stelpurnar. Þær stefna á mót í hópfimleikum á Selfossi í febrúar. En á bak við starfið í fimleikadeildinni starfar öflug stjórn deildarinnar ásamt foreldrum sem eru alltaf tilbúnir þegar til þeirra er leitað. Foreldrar hafa safnað fyrir flestum þeim tækjum sem fimleikadeildin á en þau eru orðin mörg og fyrir þetta ber að þakka. Ég veit ekki hvar deildin væri stödd í dag ef foreldrar hefðu ekki verið svona duglegir. Við höfum keypt stóra trampólínið, lítið trampólín, hest,

loftdýnu og fiberdýnu. Þetta eru tæki upp á margar milljónir, bærinn keypti af okkur stóra trampólínið þannig að hægt væri að nýta það meira. En fimleikadeildin er komin með sér áhaldageymslu í Höllinni fyrir tækin sín og höfum við verið að lána þau til afnota fyrir Borgarhólsskóla og íþróttaskóla Völsungs.

Í tilefni afmælisins ætlum við að halda flotta sýningu í vor, og stefni ég á að tala við nokkrar stelpur er æfðu fimleika hjá mér í upphafi til að koma og æfa upp atriði fyrir sýninguna.

Fimleikadeild Völsungs óskar Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökkum fyrir það liðna.

Guðrún Kristinsdóttir.



Fimleikadeildin er 25 ára. Hér má sjá iðkendur sem nú eru komin á fullorðins ár.



Back in the days.

Frá Sagnfræðideild Völsungs

Blys frá bernskudögum.

Hér birtum við grein sem Jakob Hafstein skrifaði í afmælisblað Vals í Reykjavík sem kom út í desember árið 1966. Jakob var fyrsti formaður Völsungs og einn af stofnendum félagsins. En hér rekur hann upphafið að nafngift og stofnun Völsungs árið 1927.

Við sitjum þarna allmargir í hópi, sem nýbúinn er að svita sig á litlu grasflötinni framan við sýsluhúsið á Húsavík við að sparka bolta og jafnvel að brjóta eina rúðuna í glugganum á aðalskrifstofu sýslumannsins. Kjallaradyrnar voru markið og þá brann það við, sem alltof oft kemur fyrir enn í dag jafnvel hjá hinum reyndustu knattspyrnusnillingum okkar, að boltanum er lyft helst til hátt í skotinu. Hann flýgur þá yfir handriðið á inngöngutröppunum í sýslumannshúsið og skellur á rúðunni. Það heyrirst hvellur og brothljóð og eftir skamma stund er yfirvaldið komið út í dyrnar og það eina, sem sagt er, verður vafalaust flestum okkar lengi í minni: „Þið eigið að hitta betur í mark drengir mínir“. Svo var dyrunum lokað. Eftir nokkra hríð er heimilissmiðurinn kominn og ný rúða sett í gluggann. Og það er haldið áfram að sparka og svita sig – kannske reynt að hafa svoltið meiri gætni við í skotunum.

Unglingarnir, sem þarna sitja saman í herbergi sýslumannssonanna á Húsavík þessa síðdegisstund, eru flestir um fermingaraldur. Þeir þykja of ungir til að taka þátt í knattspyrnuæfingum félaganna í Ungmenafélaginu Ófeigur í Skörðum, er þá réði lögum og lofum hjá unga fólkinu á Húsavík. En þeir eru ekki of ungir til að vita vel, hvað þeir vilja og hvað þeir nú ætla að taka sér fyrir hendur. Því að þó hnefi Ófeigs í Skörðum sé þungur, svo sem um getur í Ljósveitingasögu og frægt er orðið, þá er hann þessa dagana á Húsavík ekki svo þungur, að hann skjóti unglingunum skel í bringu. Þessir ungu drengir hafa ákveðið með sér að stofna nýtt íþróttafélag og þá fyrst og fremst knattspyrnufélag. Og þarna sitja þeir og eru að semja lög fyrir hið nýja félag. Þetta vefst að sjálfsgöðu töluvert fyrir þeim. En þar sem viljinn er fyrir hendi verður allt að víkja. Þó er eins og eitt atriði ætli alvarlega að verða þeim að fótakefli, og það er satt að segja ekki neitt smáatriði. Hvað á félagið að heita? Það þarf ekkert smávegis nafn á móti Ófeigi í Skörðum. Og margt er nú spjallað og skrafað, margar uppástungur bornar fram og Íslendingasögur Norðurlanda og önnur fræði og sagnir um mikla kapp og afreksmenn.

Þegar málið virðist vera að komast í óefni og þessi hnútur illleysanlegur, birtist sýslumaðurinn í dyrunum. Hann er vinur allra þessara drengja. Hann lítur yfir lagasmíðina og brosir góðlátlega, einkum þó og sérilagi þegar hann sér, að enn er eyða fyrir nafn félagsins. Og þá segir hann drengjunum söguna af því, að hann hafi haft mikinn áhuga á knattspyrnu, þegar hann las lög við Hafnarháskóla og iðkaði þessa hollu og góðu hópíþrótt í Akademisk Boldklub í Kaupmannahöfn.

Svo segir hann drengjunum líka frá því, að hann hafi verið og sé mikill vinur Friðriks barnavinar í Kristilegu félagi ungra manna í Reykjavík, og að þessi mikli og merkilegi leiðtogi æskunnar hafi fengið sig til þess eitt sumarið í Reykjavík að þjálfva ungu mennina í knattspyrnufélagi KFUM, sem nú heitir Valur, og sé eitt besta knattspyrnufélag landsins og muni hann, sýslumaðurinn á Húsavík, Júlíus Havsteen, því vera fyrsti þjálfari þessa snjalla félags í knattspyrnu. Og enn segir hann drengjunum margar sögur af séra Friðrik Friðrikssyni lífi hans og baráttu, svo að hinir ungu hugir gleyma um stund allri lagasmíð og félagsstofnun en heillast af frásögn sýslumannsins. En það kemur að því að annirnar kalla og sögunni lýkur. Og þá segir hið barngóða yfirvald við drengina: „Látið þið félagið heita Valsungar, það mun vita á gott“....Síðan lokast dyrnar og drengirnir sitja eftir hugsandi.

EKKI fór þó svo, að uppástunga sýslumannsins yrði samþykkt. En hún hafði samt sín áhrif. Nafnið var fundið. Aðeins einum staf var breytt. Í stað a var sett ö, og félagið hlaut nafnið Völsungur – nánar tiltekið – Íþróttafélagið Völsungur, því að markið var sett hátt, það átti að iðka hverskyns íþróttir, eftir að hafa heyrt allar sögurnar um séra Friðrik og þar að auki lesið allar Íslendingasögurnar og Fornaldarsögur Norðurlanda. Völsungur konungur var þar hetjan mikla – síst minni en Ófeigur í Skörðum. Og þetta vissi á gott, eins og sýslumaðurinn hafði spáð. Völsungur náði völdum á Húsavík og Völsungur hefur ætíð haft bestu og vinsamlegasta samband við Val í Reykjavík. Og sýslumaðurinn á Húsavík á nú alnafna í Val í Reykjavík.

Og enn er skotið á markið. Á þessum merku tímamótum knattspyrnufélagsins Vals á ég enga betri ósk til handa félaginu en þá, sem felst í orðum gamla þjálfarans, og hann sagði við ungu drengina á Húsavík forðum: „Þið eigið að hitta betur í mark drengir mínir!“ Þær kröfur, sem ungur maður, er stundar íþróttir og ann íþróttalífi æskunnar, getur bestar gert til sjálfs sín og þá um leið til vina sinna og féлага eru þær, að gera ætíð betur en hann gerði best áður.



Fremsta röð frá vinstri: Sören Einarsson, Jónatan Helgason, Valdimar Vigfússon. Miðröð: Guðmundur Aðalsteinsson, Helgi Kristjánsson, Georg Jónsson, Jósef Jón Björnsson. Aftasta röð: Jón Kristinn Hafstein, Bjarni Pétursson, Jakob Hafstein, Jóhann Hafstein, Hermóður Guðmundsson (frá Sandi) Myndin er tekin 1934. Fyrsta sumar græna búning-sins. Ljósmyndari ókunnur

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



NORÐURVÍK
HÖFÐA - HÚSAVÍK
GSM 404 1879 • GSM 090 0379

Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.



VÍKURSMÍÐI

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



ÍSFELL
www.isfell.is

***Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.***

***fiökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.***



HÚSASMÍÐJAN
www.husa.is

Óskum viðskiptavinum okkar



og Völsungum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.



Takk fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Skorum með
þrumuskotum
á nýju ári.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



helgaboq

Óskum Húsvíkingum og
Þingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls
komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum
viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Óskum bæjarbúum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs
með þökkum fyrir
viðskiptin á árinu.



Bókaverslun
Þórarins



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



RÁÐGIÖF – Hönnun - Úttektir - Verksjórnun
Faglausn ehf
S: 899-8302, mail: faglausn@faglausn.is

Sendu jólapakkana
með Landflutningum

GLEÐI
GJAFIR

Landflutningar
SAMSKIP

Í desember veglega hátíð við höldum
sem hjartanu yljár á vetrarkvöldum.
Í jólum gleði og gæfa liggja
gjafir þeirra skaltu þiggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



Filip/SIA

